

SKATTUR Á FYRIRTÆKI fyrirtækjaskattaréttur

Einstaklingar í rekstri

Sameignarfélög

Samvinnufélög

Dánarbú

Erfðafjárskattur

Skattasniðganga

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki 11

Einstaklingar í rekstri

Efnisyfirlit

1. Stærstu hóparnir
2. Skattskylda. Skatthlutföll. Mismunun
3. Upphaf rekstrar. Framlag eigna
4. Afmörkunarvandamál. Eignir og skuldir, tekjur og gjöld
5. Uppgjör tekjuskattstofns. Atvinnurekstur hjóna
6. Lok rekstrar. Tap. Hagnaðarskattlagning

Einstaklingar í rekstri?

- Hér til telst mjög fjölskrúðugur hópur manna eins og
 1. Flestir bændur landsins
 2. Margir listamenn og rithöfundar svo og
 3. Ýmsir sjálfstætt starfandi háskólamenn
- Í daglegu máli eru þessir aðilar venjulega kallaðir sjálfstætt starfandi menn. Í raun eru þeir hins vegar eins konar
 - ✓ Millistig á milli launþega/manns og félags. Til skatts koma þannig eingöngu nettótekjur af atvinnurekstrinum. Á hagnaðinn er hins vegar lagður sami skattur og á launatekjur hjá mönnum

Grundvöllur skattlagningarinnar

- Skattskylda manna byggist almennt á 1. gr., sbr. B-lið 7. gr.TSL → ótakmörkuð skattskylda
 - Allir þeir, sem eiga heima hér á landi, dvelja hér á landi eða vinna um borð í íslenskri flugvél eða skipi að lágmarki 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili og vinna sjálfstætt sem atvinnurendur eru því skattskyldir
- Erlendis búsettir einstaklingar, sem hingað koma og stunda atvinnurekstur hér á landi um skamman tíma, geta þó einnig verið skattskyldir
 - Sbr. 3. tölul. og 4. tölul. 3. gr., sbr. 70. gr. TSL

Hlutleysi eða **Mismunun. 2010**

- Samanburður á skattlagningu félaga og einstaklinga í rekstri

Tekjur	Einstak	Ehf	Sf/slf
Hagnaður	100	100	100
Skattur	37,22-46,12	32,7	32,7
Min, mun	-4,52	+4,52-	+4,52
Max, mun	-13,42	+13,42	+13,42

Hlutleysi eða **Mismunun. 2011**

- Samanburður á skattlagningu félaga og einstaklinga í rekstri

Tekjur	Einstak	Ehf	Sf/slf
Hagnaður	100	100	100
Skattur	37,31-46,21	36	36
Min, mun	-1,31	+1,31-	+1,31
Max, mun	-10,21	+10,21	+10,21

Hlutleysi eða **Mismunun. 2012**

- Samanburður á skattlagningu félaga og einstaklinga í rekstri

Tekjur	Einstak	Ehf	Sf/slf
Hagnaður	100	100	100
Skattur	37,34-46,24	36	36
Min, mun	-1,34	+1,34-	+1,34
Max, mun	-10,24	+10,24	+10,24

Hlutleysi eða **Mismunun. 2014**

- Samanburður á skattlagningu félaga og einstaklinga í rekstri

Tekjur	Einstak	Ehf	Sf/slf
Hagnaður	100	100	100
Skattur	37,30-46,24	36	36
Min, mun	-1,30	+1,30-	+1,30
Max, mun	-10,24	+10,24	+10,24

Jöfnunaraðgerðir, skattaréttlæti

þörfin minn en árin 2003-2008

- Samanburður við nágrannlönd okkar
 - Jákvæð vaxtaskipting - jákvætt eigið fé
 - gjaldfærsla í rekstri, tekjufærsla hjá eiganda
 - Neikvæð vaxtaskipting - neikvætt eigið fé
 - tekjufærsla í rekstri, gjaldfærsla hjá eiganda
 - Bráðabirgðaskattlagning
 - Hagnaður, sem **ekki** er tekinn út úr fyrirtæki, skattlagður með sama hlutfalli og félög búa við

Borgar sig að breyta? Á ekki við í dag

- Af 1.000.000 kr. hagnaði getur maður sparað sér um 102.400 kr. í skatt með því að umbreyta rekstrinum í ehf./sf./slf.
- Þar við bætist að ehf. getur átt einkabifreið en ekki einstaklingsrekstur
 - Ökutækjastyrkur, dagpeningar o. fl. mun auðveldari í framkvæmd
- Kostnaður við bókhald og reikningsskil ehf., er hins vegar nokkuð hár svo að best er að fara varleg

Hvenær telst rekstur hafinn?

Mun eftir fyrirframskráningu á virðisaukaskattsskrá

- Rekstur telst hafinn þegar maður hefur tekið ákvörðun um að hefja hann og sýnt þá ákvörðun í verki með
 1. Stofnun félags. Skráningu í firmaskrá. Umsókn um kennitölu. Stofnun sérstakts bankanúmers
 2. Kaupum eða leigu á atvinnustöð, standsetningu húsnæðis
 3. Ráðningu á starfsfólki
 4. Kaupum á vörum til endursölu og varanlegum rekstrarfjármunum
 5. Öflun atvinnurekstrarleyfa
 6. Skráningu í virðisaukaskattsskrá, launagreiðendaskrá
 7. Opnun starfsstöðvar fyrir almenning
 8. Reglunbundinni tekjuöflun

Stofnkostnaður

Venjulega er heimilt að draga öll þau gjöld sem maður efnir til í tengslum við stofnun rekstrar frá tekjum sem rekstrarkostnað

- Gjöldin verða þó að standa í **tengslum** við stofnunina
- Mjög gamall kostnaður er því almennt ekki frádráttarbær
- Athuga ber að ekki er skilyrði að reksturinn hafi aflað tekna á því ári sem gjöldin myndast. Dráttur á tekjuöflun getur þó haft áhrif
- Taki maður ákvörðun um að blása rekstur af teljast þau gjöld sem efnt hefur verið til vegna hans ekki ganga til að afla teknanna, halda þeim við ...
- Þessu er almennt eins farið um útvíkkun á starfsemi

Úrskurður nr. 131/2008

Gjaldár 2001

- Kærendur, sem fluttu til Íslands frá Svíþjóð á árinu 2001, færðu til gjalda í skattskilum sínum gjaldárið 2001 ýmsan kostnað sem þau stofnuðu til á árinu 2000 vegna rekstrar lækna- og tannlæknastofu sem kærendur komu á fót hér á landi á árinu 2001
- Var deilt um það hvort umrædd útgjöld féllu undir frádráttarbæran rekstrarkostnað, sem heimilt væri að færa til gjalda í skattskilum kæranda tekjuárið 2000 þótt reksturinn hefði ekki byrjað að skila tekjum fyrr en á tekjuárinu 2001, eða eftir atvikum niðurfæranlegar eignir í skilningi 31. gr. A laga nr. 75/1981
- Að virtum atvikum málsins og þegar litið var til eðlis starfsemi kæranda, þ.e. sölu á þjónustu, var fallist á með skattstjóra að upphaf atvinnurekstrar kæranda yrði í skattalegu tilliti ekki miðað við tekjuárið 2000, enda hefði starfsemi kæranda ekki hafist fyrr en á tekjuárinu 2001. Þá þóttu engin efni til annars en að leggja til grundvallar að um væri að ræða upphaf nýs atvinnurekstrar hér á landi á árinu 2001 en ekki tímabundið rekstrarhlé, svo sem kærendur héldu fram
- Var því talið að gjaldfærsla hinna umdeildu útgjalda tekjuárið 2000 væri ekki að neinu leyti heimil í skattskilum kæranda gjaldárið 2001, hvorki á þeim grundvelli að um væri að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað né á þeim grundvelli að um væri að tefla kostnað sem heimilt væri að færa niður samkvæmt b-lið 2. mgr. 31. gr. A laga nr. 75/1981, enda hefðu kærendur ekki haft með höndum neinn atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á tekjuárinu 2000

Úrskurður nr. 173/2002

Gjaldár 2000

- Kærandi, hugbúnaðarfyrtæki sem starfaði aðallega að gerð tölvuleiks, hafði engar tekjur haft frá stofnun félagsins. Í málinu krafðist félagið þess að rekstrargjöld ársins 1999, sem færð höfðu verið til eignar í efnahagsreikningi sem stofnkostnaður, yrðu viðurkennd sem yfirfæranlegt rekstrartap, enda væri um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað
- Talið var að kæranda hefði verið rétt að eignfæra áfallinn framleiðslukostnað í árslok samkvæmt verklokaaðferð í reikningsskilum, enda hefði framleiðslu tölvuleiks ekki verið lokið á árinu 1999. Var ekki fallist á með kæranda að í skattskilum giltu að þessu leyti aðrar uppgjörsaðferðir en í reikningsskilum, enda byggðu skattalög á hliðstæðum meginreglum um lotun tekna og gjalda og lagðar væru til grundvallar í reikningsskilum. Kæru félagsins var vísað frá yfirskattanefnd

Framlag peninga og eigna við stofnun atvinnurekstrar

- Atvinnurekstur manna þarfnast auðvitað fjármagns eins og annar atvinnurekstur. Þetta fjármagn getur bæði verið í formi reiðufjár og eigna
- Skattaleg meðferð þess er hins vegar hin sama. Hvoru tveggja færast þannig í gegnum eigið fé
- Framlag eigna telst því almennt ekki sala. Ekki ber því að gera atvinnurekanda hagnaðarskatt af framlaginu
- Við framlagið breytast eignir hins vegar um eðli. Verða atvinnurekstrareignir í stað einkaeigna
- Sé eign, sem lögð hefur verið fram við stofnun atvinnurekstrar seld, ber því að greiða 36,94%-46,24% skatt af hagnaðinum í stað 0% til 22%

Framlag eigna, nánar

- Við stofnun atvinnurekstrar er **EKKI** unnt að leggja fram **hvaða** eignir sem er
- Nauðsynlegt er að eignirnar **tengist** atvinnurekstrinum með einhverju móti
- Slíku skilyrði er almennt fullnægt þegar ætlunin er að selja hinar framlögðu eignir sem vörur eða nota þær við tekjuöflunina með öðru móti (varanlegir rekstrarfjármunir)
- Hinar framlögðu eignir geta bæði tilheyrt atvinnurekanda og eða maka hans
- Oftastnær eru þær þó keyptar af öðrum og ef skammt er umliðið síðan það átti sér stað og atvinnureksturinn er stofnaður gengur það verð inn í starfsemina

Framlagsverð

Gamlar eignir

Framleiddar eignir

- Framlag eigna frá manni persónulega til fyrirtækis hans telst ekki sala
- Vegna þessa er ekki sjálfgefið að miða skuli framlagsverðið við **MARKAÐSVERÐ**. Ath. YSÚ 321/2010
- Upphaflegt kaupverð eða framleiðsluverð er nær lagi
- Framlagsverð eignar er það verð sem lagt er til grundvallar fyrningu eignarinnar og uppgjöri hagnaðar af sölu
- Nái verðið ekki 250.000 kr. er því heimilt að draga það frá tekjum á því ári er rekstur hefst

Úrskurður nr. 321/2010

Gjaldár 2009

- Kærandi, sem flutti búferlum á árinu 2008, hóf á sama ári rekstur gistiheimilis í hinu eldra íbúðarhúsnæði sínu. Í málinu var deilt um ákvörðun **stofnverðs** húsnæðisins í skattskilum kæranda árið 2009
- Skattstjóri taldi að miða bæri við kaupverð fasteignarinnar við kaup kæranda á fasteigninni á árinu 2003 (**17,3 millj.**), en kærandi hélt því hins vegar fram að miða ætti við markaðsverðmæti fasteignarinnar á upphafsári rekstrar, þ.e. á árinu 2008 (**49 millj.**)
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að **ekki** væri um að ræða sölu á fasteigninni í skilningi laga nr. 90/2003 heldur hefði fasteignin verið lögð fram við upphaf atvinnurekstrar kæranda þar sem eignin hefði verið ætluð til nota í rekstrinum. Í lögum nr. 90/2003 **nyti ekki sérstakra reglna um ákvörðun fyrningargrunns eigna við slíkar aðstæður og færi því um þau efni eftir almennum reglum í 2. mgr. 36. gr. laganna.** Var kröfu kæranda því hafnað

2. mgr. 36. gr. TSL, sbr. 2. mgr. 12. gr. sömu laga

- Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr., að frádregnum áður fengnum fyrningum
- Fyrningargrunnur eigna skv. 2.–5. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr.
- Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaup- eða framleiðsluverð, ...

Búið til eignaskrá

- Við stofnun einstaklingsfyrirtækis er góð regla að semja eignaskrá yfir framlagðar eignir
- Í eignaskránni er framlag eignarinnar tilgreint og hvaða verð liggur til grundvallar henni
- Skattleg meðferð eignarinnar (gjaldfærsla, fyrning) byggist svo á eignaskránni

Tekjur og gjöld

Mismunandi skattlagning skapar afmörkunarvandamál

- Einstaklingar, sem ekki stunda atvinnurekstur sæta brúttóskattlagningu, en einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur nettóskattlagningu
- Þetta skapar bæði togstreitu milli eðli starfsemi og eðli tekna
- Atvinnurekandi á rýmri frádráttarrétt en ekki atvinnurekandi. Þetta gildir bæði varðandi öflun tekna og skattlagningu þeirra
- Í því sambandi má t.d. minna á vátryggingamiðlarann sem stundaði afleiðuviðskipti

Eignir og skuldir

Ræður maður hvaða eignir tilheyra fyrirtæki manns

- Einstaklingar geta yfirleitt aðeins jafnað tapi af hlutabréfum á móti hagnaði af hlutabréfum á sama ári, sbr. 24. gr. TSL
- Þessu er öðru vísi farið um fyrirtæki. Hafi hlutafélagið, sem maður á hlutabréf í orðið gjaldþrota, stendur maður betur af vígi ef það er eignfært í starfseminni
- Tap þess er nefnilega unnt að draga frá tekjum þegar svo stendur á, sbr. 5. tölul. 31. gr. TSL:
Frá tekjum má draga sannanlega tapað hlutafé

Hvaða eignir getur fyrirtæki manns átt

- Fyrirtæki getur átt vörur sem það hefur atvinnu af að selja
- Varanlega rekstrarfjármuni er tengjast tekjuöfluninni
- Peninga, sem notaðir eru til að greiða fyrir kaup á sölu vöru og þjónustu svo og varanlega rekstrarfjármuni
- Einnig kröfur og aðrar eignir sem koma í peninga stað undir þessum kringumstæðum
- Tengist eignin ekki rekstrinum með þessum hætti verður maður því ætíð að vera reiðubúinn að gera sérstaka grein fyrir henni og takist það ekki á maður á hættu að skráning hennar verði feld af rekstrarframtali hans

Sérstök vandamál

- X seldi nýlega sjoppu sína og var kaupverð hennar m.a. greitt með íbúðarhúsnæði
- Við söluna nemur greiðsla fyrir áunna viðskiptavild hans 5 millj.
- Hægt er að fresta skattlagningu hennar um tvenn áramót, sbr. 14. gr. TSL
- Einnig kemur til álita að færa niður kaupverð íbúðarhúsnæðisins, sem reiknað var á 30 millj. við söluna, um 5 millj.
- **Er þetta hægt að þínu mati og ákveði X nú að leigja íbúðina hvernig myndi leigan af henni skattleggjast?**

Hvað eignir getur fyrirtæki manns ekki átt

- Maður getur almennt ekki látið fyrirtæki sitt eiga fólksbifreið sína
- Þetta gildir þó ekki um leigubifreiðastjóra. Þá geta iðnaðarmenn auðvitað átt skutbifreiðar
- Fyrir nokkrum árum var líka töluvert amast við eignarhaldi á fistölvum, farsímum o.s.frv.
- SmáFyrirtæki voru þannig ekki talin hafa neina þörf fyrir slíkar græjur. Ýmislegt bendir þó til þess að þetta sé nú að breytast

Úrskurður nr. 1009/1998

Gjaldár 1997

hagnaðurinn taldist atvinnurekstrartekjur

- Talið að virða bæri viðskipti kæranda með tiltekna bifreið **heildstætt** þannig að þau hefðu verið hluti af atvinnurekstri hans, en kærandi hélt því fram að um einkabifreið væri að ræða
- Var bent á að kærandi hefði eignast bifreiðina með því að **taka hana upp í söluverð vörubifreiðar sem tilheyrir hefði atvinnurekstri hans** og síðan látið bifreiðina upp í kaupverð annarrar atvinnubifreiðar
- Var kröfu kæranda um niðurfellingu á tekjufærslu söluhagnaðar vegna umræddra viðskipta hafnað

... skuldir?

Er hægt að taka lán til að borga reiknað endurgjald

- Ákvörðun þess hvaða skuldir tilheyra starfseminni er kannski minna mál en eignanna. Þannig þarf Ekki að deila um að lán sem tekin eru til að kaupa vörur og varanlega rekstrarfjármuni tilheyra starfseminni
- Í skattframkvæmd er helst að komi upp ágreiningur við afmörkun á fyrirtækjalánum og einkalánum
- Maður er skyldur að reikna sér endurgjald. Þá getur hann tekið hagnað eftir skatt út úr rekstri. Taki hann hins vegar út meira þannig að fyrirtækið verði að taka lán til að reka sig hafa skattyfirvöld rétt á að fella niður frádrátt vaxta af láninu með þeim rökum að um sé að ræða einkakostnað mannsins

Uppgjör tekjuskattsstofns

- Tekjuskattsstofn af atvinnurekstri manna er gerður upp með því að leggja sama allar tekjur er honum tilheyra, sbr. B-lið 7. gr. TSL og draga svo frá þeim öll þau gjöld sem frádráttur er sérstaklega leyfður á, sbr. 31. gr. TSL
- Nánari fyrirmæli um þetta er að finna 3. tölul. í 61. gr. TSL: Tekjuskattsstofn manna, **sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi**, er þessi:
 - a) Tekjur skv. II. kafla, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.
 - b) Tekjur skv. II. kafla, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr.
 - Samanlagðar tekjur ákveðnar eftir a- og b-liðum mynda tekjuskattsstofn aðila samkvæmt þessum tölulið. **Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þannig að b-liður þessa töluliðar verði neikvæður, telst tekjuskattsstofn einungis tekjur skv. a-lið.**

Einhleypingar og hjón

- Almennt er ekkert vandamál að skattleggja einhleypinga
- Þegar hjón eiga í hlut þarf hins vegar að hugsa um það fyrirfram hvernig unnt sé að koma í veg fyrir að þau geti **ákveðið** tekjuskattsstofna sína og þar með skatta af atvinnurekstri **sjálf**
- Út á þetta gengur 3. tölul. 1. mgr. 62. gr. TSL. Hlutverk hennar er að afmarka hvoru hjóna hagnaður eða tap af atvinnurekstri tilheyrir
- Við verðum því að ákveða hver standi fyrir rekstri

3. tölul. 1. mgr. 62. gr. TSL

Rekstur krefst sérþekkingar eða persónubundinna leyfa

- Þegar atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er háð sérþekkingu eða persónubundnum rekstrarleyfum skulu **hreinar tekjur** af rekstrinum taldar fram hjá því hjóna sem sérþekkinguna eða leyfið hefur
 - Með **sérþekkingu** er átt við þekkingu er maður aflar sér með menntun. Lönréttindi á grundvelli sveinsprófs/meistaraprófs teljast t.d. sérþekking skv. þessu. Hið sama gildir um embættispróf í læknisfræði, lögfræði svo dæmi sé tekið
 - **Persónubundið rekstrarleyfi** tekur hins vegar til þess er starfræksla atvinnu er háð leyfi og leyfið er veitt tiltekinni persónu skv. umsókn að flullnægðum ákveðnum skilyrðum. Hér til teljast t.d. verslunarleyfi, leyfi til að aka leigubifreið ...

Sérstakt vandamál

hvað gerist ef sá sem stendur fyrir atvinnurekstri fellur frá.

GETUR EFTIRLIFANDI MAKI T.D. NÝTT TAP AF ATVINNUREKSTRI ÞESS SKAMMLÍFARA

- **LÖG UM VERSLUNARATVINNU:** Dánarbú eða gjaldþrotabú hefur rétt til að stunda **áfram verslun** í samræmi við ákvæði laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð → **hvað með eftirlifandi maka**
- **LÖG UM LEIGUBIFREIÐAR:** Heimilt er að leyfa **eftirlifandi maka** leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans **í allt að þrjú** ár eftir andlát leyfishafa, þó eigi lengur en til þess tíma er leyfishafi hefði misst leyfið fyrir aldurs sakir ef hann hefði lifað, þó aldrei skemur en tólf mánuði
- Þegar maki er ekki til staðar er dánarbúi leyfishafa heimilt að nýta atvinnuleyfi hans í allt að **þrjá mánuði** eftir andlát leyfishafa en þó ekki eftir lok búskipta

3. tölul. 1. mgr. 62. gr. TSL

Bæði hjónin hafa sérþekkingu eða rekstrarleyfi eða Rekstur krefst ekki sérþekkingar eða persónubundinna leyfa

- Hafi bæði hjónin tilskylda sérþekkingu eða nauðsynlegt rekstrarleyfi skal skipta hreinum tekjum af starfseminni á milli þeirra í hlutfalli við **vinnuframlag** hvors maka/sambúðaraðila um sig
- Sama gildir þegar sérþekkingar eða rekstrarleyfis er ekki krafist
- Geri hjón ekki fullnægjandi og rökstudda grein fyrir vinnuframlagi hvors um sig eða þyki skýrslur þeirra um það tortryggilegar **skulu skattyfirvöld áætla** skiptingu hreinna tekna af atvinnurekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi
 - Með **VINNUFRAMLAGI** er ekki endilega átt við fjárhæð reiknaðs endurgjalds makanna heldur unninn tíma við starfsemina. Séu báðir makarnir í fullu starfi skiptist hagnaðurinn því jafnt á milli þeirra enda þótt annar makinn sé með hærri laun en hinn

Vinnan er
hlutlægari
mælikvarði
en launin

Atvinnurekstur hjóna

tapsnýting, sbr. 3. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 62.
gr. TSL

- Um meðferð á tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi hjóna/sambúðaraðila fer eftir sömu reglum og gilda um hreinar tekjur, sbr. 1. og 2. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 62. gr. TSL
- Reki makarnir/sambúðaraðilarnir tvö fyrirtæki er því ekki unnt að jafna saman hagnaði og tapi af þeim nema sami aðilinn standi fyrir báðum fyrirtækjunum

Lok rekstrar

- Maður telst hafa hætt atvinnurekstri þegar hann hefur tekið ákvörðun að loka fyrirtæki sínu fyrir almenningi og lýst þeirri ákvörðun í verki t.d. með uppsögn starfsmanna, afskráningu af virðisauka-skattsskrá o. fl.
- Gjöld sem falla til eftir að slík ákvörðun hefur verið tekin varða ekki öflun tekna. Almennt er því ekki unnt að draga þau frá tekjum. Ef um er að ræða umsýslukostnað eigna má þó hugsanlega draga hann frá söluverði við uppgjör hagnaðar, sbr. 20. gr. TSL

Óseldur lager við rekstrarlok,

sbr. 3. mgr. 8. gr. VSL og 21. gr. TSL

- Sitji maður uppi með óseldan lager þegar rekstri er hætt ber að úttskatta hann til virðisaukaskatts, sbr. 3. mgr. 8. gr. VSL er hljóðar svo:
 - Til skattskyldrar veltu telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum. **Sama gildir um vörubirgðir, vélar, tæki og aðra rekstrarfjármuni** þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af skrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.
- **UM ÚTSKÖTTUNINA TIL TEKJUSKATTS RÍKIR HINS VEGAR VAFI.** Hugsanlega getur maður því fært eignirnar yfir á einkaframtal sitt án þess að nokkuð gerist

Tilkynning um afskráningu af launagreiðendaskrá staðgreiðslu og/eða virðisaukaskattsskrá

Skattstjóri

A Almennar upplýsingar

Nafn		Kennitala
Lögheimili		Virðisaukaskattsnúmer
Póstnúmer og pósthöð		

B Afskráning

☐ Óskað er eftir afskráningu af launagreiðendaskrá	Dagsetning síðustu launagreiðslu (eftir atvikum áætluð)
☐ Óskað er eftir afskráningu af virðisaukaskattsskrá	Dagsetning rekstrarloka (eftir atvikum áætluð)

Rekstrarlok teljast vera þegar uppgjöri virðisaukaskatts vegna starfseminnar er lokið

C Starfsemi seld eða yfirtekin af öðrum aðila, í heild eða hluta

Skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, ber seljanda að tilkynna skattyfirvöldum um eigendaskipti og söluandvirði eigna eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærsla fór fram. Samningur þarf að fylgja með og jafnframt þinglýst samþykki nýs eiganda hafi hann yfirtekið leiðréttingarkvöð vegna innskatts.

Verðmæti birgða

kr.

Verðmæti rekstrarfjármuna

kr.

Fyrirspurn um það hvenær atvinnustarfsemi einstaklings telst lokið dags. 24. janúar 2000

T-Ákv. 00-003 is 1998-07-230.0

- Það er álit ríkisskattstjóra að atvinnurekstri einstaklings sé lokið þegar hann lætur af þeirri tekjuöflun sem atvinnureksturinn snérist um. Þannig að einstaklingur með t.d. verslun telst hafa lokið atvinnurekstri sínum þegar hann lokar verslun sinni til frambúðar og hefur gengið í framhaldi af því frá sölu eigna sem tilheyrðu atvinnurekstrinum eða hættir að nota þær til tekjuöflunar. Söluandvirði eigna sem kemur fram á loka rekstrarreikningi hefur áhrif á tekjur eða rekstrartap

Er
þetta
rétt

Ennfremur ber einstaklingi að verðmeta þær eignir sem hann selur ekki eins og um sölu sé að ræða, og færa til tekna söluhagnað sem kann að myndast og gera upp virðisaukaskatt í samræmi við það mat eftir því sem við á

- Þegar rekstri einstaklingsfyrirtækis er hætt skal t.d. skattleggja allar fyrningar sem maður hefur fengið umfram almennar fyrningar samkvæmt 38. gr. laga nr. 75/1981, svo og færa til tekna söluhagnað sem ekki hefur verið skattlagður samkvæmt heimild lögum
- Eigið fé á efnahagsreikningi (höfuðstóll) telst tekið út af eiganda þ.m.t. skuldaviðurkenningar (verðbréf) sem söluandvirðið hefur verið greitt með svo og aðrar eignir sem óseldar eru eða eigandi tekur til eigin nota, t.d. bifreið
- Líta verður á úttekt einstakra eigna og yfirfærslu þeirra á persónuframtal á því verðlagi sem eignirnar fá samkvæmt framangreindu mati í loka rekstrar- og efnahagsreikningi, þ.e.a.s. þær ber að verðmeta eins og um sölu sé að ræða

En
þetta

Sala einstaklingsreksturs

- Einstaklingsrekstur telst ekki sjálfstætt fyrirtæki heldur safn af einstökum eignum og skuldum svo og eigin fé
- Við sölu á slíkum rekstri er maður því ekki að selja eigið fé heldur heldur einstakar eignir. Söluverð þeirra kann hins vegar að vera greitt með yfirtöku einstakra skulda tilheyrandi starfseminni
- Af því leiðir að reikna verður út hagnað(tap) hverrar eignar fyrir sig. Ef söluverð fyrirtækisins er hærra en markaðsverðmæti heildareigna eftir atvikum að frádregnum heildarskuldum heitir sú eign sem hlutgerist með þessum hætti

VIÐSKIPTAVILD

- Viskiptavild telst fyrnanleg eign og fara skattskil hennar því eftir 13. gr., sbr. 14. gr. TSL

Að loknum rekstri

- Þótt rekstri sé formlega hætt getur hann lifað áfram í bókhaldinu
 1. Einstaklingur getur t.d. hafa fengið frest á skattlagningu hagnaðar af sölu fyrnanlegra eigna o. s. frv.
 2. Skattlagningu hagnaðar kann einnig að hafa verið dreift, sbr. 22. gr. og 27. gr. TSL
 3. Þá er hugsanlegt að rekstrinum hafi lokið með tapi
- Maður á í sjálfu sér engan möguleika til að breyta nokkru í tilviki 2. Hins vegar getur hann aflað annarrar fyrnanlegrar eignar í tilviki 1 og stofnað til nýs atvinnu-rekstrar í tilviki 3

Álitamál

- Sigga var að selja kjólabúð sína og varð 11 millj. hagnaður af sölnunni. Sigga frestaði skattlagningu hans
- Nú stendur Siggu til boða að kaupa sig inn í sameignarfélag sem **ekki er** sjálfstæður skattaðili
- Ef Sigga ákveður að taka tilboðinu hefur hún þá rétt á **að færa niður fyrnanlegar eignir í sameignarfélaginu** um hinn frestaða hagnað?

Hvað með veðskuldabréfið

- Hluti af söluverði kjólabúðarinnar hér að framan var greiddur með skuldabréfi
- Þetta skuldabréf hljóðar á 5 millj. Er það eingreiðslubréf til fimm ára og ber 10% vexti á ári
- Hvernig ber að skattleggja þessa vexti í lok lánstímans. Teljast þeir atvinnurekstrartekjur eða fjármagnstekjur

Sameignarfélög

Efnisyfirlit

1. Almennt. Hugtak og skilgreining
2. Auðkenni og Helstu gerðir sameignarfélaga
3. Sjálfstæðir og **Ekki** sjálfstæðir skattaðilar
4. Sameignarfélag hjóna
5. Uppgjör tekjuskattsstofns
6. Upphaf skattskyldu
7. Lok skattskyldu

Hvers konar félag er sameignarfélag?

- Í félagarétti er lögaðilum gjarnan skipt í fjárhagsleg félög og ófjárhagsleg félög, persónubundin og ópersónubundin fjármagnsfélög
- Hlutfélag er t.d. fjárhagslegt félag á meðan almennt félag eins og íþróttafélag er ófjárhagslegt
- Félag telst persónubundið ef aðildin að því ræðst af kunningsskap og trausti. Sameignarfélög eru slík félög. Vegna hinnar ótakmörkuðu ábyrgðar varðar þig miklu hverjir hinir þátttakendurnir eru
- Hlutfélag er hins vegar dæmi um ópersónulegt félag og því stærra sem félagið er því ópersónulegra verður það

Þátttakenda skattlagðir aðilar

- Framangreind flokkun hefur almennt ekkert skattalegt gildi. Til að auðkenna ólíka skattlagningu lögaðila er betra að nota hugtökin **félaga- og þátttakendaskattlögð félög**
- Ef félagið stendur fyrir skattinum er það sagt vera félagaskattlagt. Beinist skattakrafan hins vegar að þátttakendunum sem slíkum er félagið sagt vera þátttakendaskattlagt
- Þátttakendaskattlagðir aðilar eru umfram allt:
 - **SAMEIGNARFÉLÖG OG SAMLAGSFÉLÖG
SVO OG SAMLAGSHLUTAFÉLÖG**

Skattskylda sameignarféлага

- Sameignarfélög og samlagsfélög geta verið **réttaraðilar**. Hins vegar er sjaldgæft að þau teljist sjálfstæðir skattaðilar
- Af Norðurlöndunum er Ísland og Finnland t. d. einu löndin sem viðurkenna sjálfstæða skattskyldu sf. og slf.
- Ástæða þessa er umfram allt tvískattlagning fyrirtækjahagnaðarins. Þótt hann velkist ekki fyrir Íslendingum hafa hin ríkin ekki megnað að leysa hana

Húsfélög og veiðifélög

- Í löggjöfinni er víða að finna dæmi um að menn séu skyldir að stofna félag um sameiginlega hagsmuni sína
- Dæmi þessa er t.d. húsfélag skv. lögum og fjöleignarhús og veiðifélag skv. vatnalögum
- Þótt slík félög hafi ýmis einkenni sameignarfélags tíðkast ekki að gera þeim sérstakan skatt í framkvæmd
- Gildir í því sambandi einu þótt þau hafi verulegar tekjur

Hugtak og skilgreining

hvað er sameignarfélag?

- Neikvæð skilgreining
 - Hvorki hf./ehf. né almennt félag, sjóður eða stofnun - eins konar afgangsstærð eða ruslakista
- Jákvæð skilgreining – Sjá lög um sf.
 - 1) Samkomulag 2) tveggja eða fleiri aðila **um 3) fjárhagslega starfsemi/atvinnurekstur** með 4) beinni, óskiptri og ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð á **HEILDARSKULDBINDINGUM** félagsins

En....

Samlagsfélag og samlagshlutfélag

- Hlutfélag og einkahlutfélag eru eins konar systur félög
- Hin lagalega umgjörð er þannig að mestu leyti hin sama
- Þessu er eins farið um sameignarfélög, samlagsfélög og samlagshlutfélög
 - ertu nú alveg viss ...

Sameignarfélög og samlagsfélög. Hvað skilur að

- Í sameignarfélagi bera allir þátttakendurnir **beina, óskipta og persónulega ótakmarkaða ábyrgð**
- Skv. því æxla allir ábyrgðina fyrir einn og einn fyrir alla. Kröfuhafi ræður semsé að hverjum hann gengur ...
 - það sem meira er, ganga má að þátttakanda jafnvel þótt fullnustu hafi **ekki** verið leitað hjá félagi fyrst. Þetta felst í orðinu **bein**
- Í samlagsfélagi verður að minnsta kosti einn eða fleiri að bera beina, óskipta og persónulega ótakmarkaða ábyrgð. Ábyrgð annarra má hins vegar takmarkast við ákveðna fjárhæð

YSÚ 78/2019

breyting á sf í slf

- Í máli þessu vegna bindandi álits ríkisskattstjóra var talið að umbreyting sameignarfélags, sem var sjálfstæður skattaðili, í samlagsfélag með breytingum á félagssamningi gæti ekki átt sér stað án mögulegra skattalegra afleiðinga
- Kom fram í því sambandi að almennt yrði að telja að yfirfærsla skattaréttarlegra réttinda og skyldna milli sjálfstæðra skattaðila kæmi ekki til greina nema sérstakri lagaheimild væri fyrir að fara
- Til samræmis yrði ekki talið að slík yfirfærsla kæmi til álita án **sérstakrar lagaheimildar** við breytingu á félagaformi lögaðila er nytu sjálfstæðrar skattaðildar

Samlagshlutfélag

- Við stofnun sameignarfélags er ekki skylt að leggja fram neitt stofnfé
- Sama gildir þegar samlagsfélag og samlagshlutfélag á í hlut
- Ekkert er hins vegar til fyrirstöðu að gera það
- Sé það gert er stofnféð yfirleitt ósundurgreint. Þetta gildir hins vegar ekki þegar samlagshlutfélög eiga í hlut
- Hjá þeim greinist hlutféð nefnilega í hluti

Samlagshlutfélög lagagrundvöllur

- Samlagshlutfélög – slhf.
 - Áður 134. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutfélög
 - Nú XIX. kafli laga nr. 2/1995, um hlutfélög. Sjá einkum ákvæði 160. gr. til 163. gr.

160. gr. gr. laga nr. 2/1995

- Lög þessi taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á nema kveðið sé á um annað í lögnum
- Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri, bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar
- Samlagshlutafélögum einum er rétt og skylt að hafa orðið samlagshlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf.
- Í samþykktum skulu auk annarra viðeigandi atriða vera upplýsingar um:
 1. nafn, kennitölu, stöðu og heimilisfang ábyrgðaraðila
 2. hvort ábyrgðaraðila sé skylt að leggja fram hlutafé og, ef svo er, hversu mikið
 3. reglur um áhrif ábyrgðaraðila í málefnum félagsins og þátt hans í skiptingu hagnaðar og taps og
 4. hvort einhver félagsmanna njóti sérstakra réttinda eða skyldna í félaginu
 5. Í samþykktum samlagshlutafélags skulu m.a. vera reglur um innbyrðis réttarsamband félagsmanna, þ.e. ábyrgðaraðila og hluthafa

Lög um sameignarfélög

- Hér á landi eru til lög um hlutafélög, einkahluta félög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur
- Mörg þessara laga hafa verið í gildi í mörg ár. Lengi vel voru hins vegar ekki til nein lög um sameignarfélög
- Úr þessu hefur nú verið bætt, sbr. lög 2007 nr. 50 27. mars og tóku þau gildi 1. jan. 2008. Skammstafað - SFL
- **Lög um sameignarfélög hafa því verið í gildi í um tíu ár**

Um lögin nánar

1. kafli. Almenn ákvæði
2. kafli. Stofnun sameignarfélaga og ábyrgð félagsmanna
3. kafli. Stjórnkerfi og réttarstaða félagsmanna
4. kafli. Meðferð fjármuna og fyrirsvar
5. kafli. Breytingar á félagsaðild
6. kafli. Félagsslit og skipti
7. kafli. Skaðabótaábyrgð
8. kafli. Skráning

Frávíkjanleg – ekki frávíkjanleg ákvæði

- 3. gr. Frávíkjanleg ákvæði
 - Ákvæði III. kafla um stjórnkerfi og réttarstöðu félagsmanna eiga við **nema kveðið sé á um annað í félagssamningi**
 - Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg nema annað sé tekið fram í lögnum

III. Kafli

Hvaða ákvæði tilheyra honum?

- **9. gr.** Félagsfundur
- **10. gr.** Boðun félagsfundar o.fl.
- **11. gr.** Umboð, rafrænir félagsfundir og rafræn samskipti
- **12. gr.** *Ákvarðanir á félagsfundi*
- **13. gr.** Félagsstjórn
- **14. gr.** Starfstími stjórnarmanna
- **15. gr.** Starfshættir stjórnar
- **16. gr.** *Ákvarðanir stjórnar*
- **17. gr.** Framkvæmdastjóri
- **18. gr.** Vanhæfi
- **19. gr.** Stjórnunarheimildir félagsmanna
- **20. gr.** Upplýsingaskylda gagnvart félagsmönnum
- **21. gr.** *Hagnaður og tap*
- **22. gr.** Endurkröfuréttur
- **23. gr.** Framlög
- **24. gr.** Samkeppnisbann

12. gr. Ákvarðanir á félagsfundi

- Allir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á félagsfundi
- Ákvörðun á félagsfundi skal tekin með samþykki **allra** félagsmanna
- Ráði meiri hluti atkvæða úrslitum á félagsfundi samkvæmt félagssamningi merkir það meiri hluta atkvæða miðað við **FJÖLDA** félagsmanna – ekki eignarhlutdeild

16. gr. Ákvarðanir stjórnar

- Stjórn er ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnar manna sækir fund. Ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Ef stjórnarmaður forfallast vegna veikinda, fjarveru og þess háttar og valinn hefur verið varamaður skal honum veittur kostur á að taka þátt í stjórnarfundum meðan forföllin vara
- Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Atkvæði formanns ræður úrslitum þegar atkvæði eru jöfn

Annað fyrirkomulag á ákvörðunartöku

- Ef félagsmenn vilja láta eignarhlutdeild ráða frekar en fjölda félagsmanna verða þeir því að mæla fyrir um það í félags samningi
- Í slíkum samningi er líka hægt að áskilja aukinn meirihluta atkvæða þegar um meiriháttar ákvarðanir er að ræða

Hvernig horfir þetta við hjá samlagsfélagi

- Eins og áður segir ber samlagsmaður takmarkaða ábyrgð í samlagsfélagi
- Vegna þessa er eðlilegt að völd hans í félagi séu takmörkuð
- Í raun er aðkoma hans oft aðeins til málamynda – málamynda, gervifélög

Lög nr. 50/2007

Hugtakið sameignarfélag, sjá 2. gr.

Hvergi minnst á atvinnurekstrarkilyrðið?

Ath. frumvarpið

Sameignarfélag samkvæmt lögum þessum er **samstarfsform** sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi þar sem allir félagsmenn bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins

- Samkvæmt skilgreiningu 2. gr. á sér stað í sameignarfélagi samstarf um sameiginlega fjárhagslega starfsemi. Í sumum nágrannalöndum okkar er það skilyrði að þau stundi **atvinnustarfsemi** eða a.m.k. fjárhagslega starfsemi eins og t.d. í norsku félagalögunum, sbr. 1. mgr. 1. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. þar sem gerð er krafa um „ökonomisk virksomhet“. Þar segir að lögin eigi við um fjárhagslega starfsemi sem er rekin fyrir sameiginlegan reikning og á ábyrgð tveggja eða fleiri þátttakenda. Í grein 1-2 er sameignarfélag skilgreint nánar sem félag þar sem allir félagsmenn bera ótakmarkaða og persónulega ábyrgð og kemur fram út á við
- Sænsku lögin um sameignarfélög (Lagen om handelsbolag och enkla bolag frá 1895, 1. gr.) gera atvinnustarfsemi að skilyrði sameignarfélags (**Et handelsbolag föreligger, om två eller flera har avtalat at gemensamt utöva näringsverksamhet i bolag och bolaget har förts in i handelsregistret**)
- Samsvarandi krafa um atvinnustarfsemi er gerð í enskum lögum um sameignarfélög (Partnership Act, 1890, 1. mgr. 1. gr.). Samkvæmt þeim er sameignarfélag (general partnership) samband milli aðila sem reka sameiginlega atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni (Partnership is the relation which subsists between persons carrying on a business in common with a view of profit)
- Með sama hætti var gerð sú krafa samkvæmt þýskum rétti að sameignarfélag ræki atvinnustarfsemi (Handelsgesetzbuch frá 1897, 1. mgr. 105. gr.) en árið 1998 var innleitt ákvæði í 2. mgr. 105. gr. sem heimilar skráningu félags í firmaskrá enda þótt það reki ekki atvinnustarfsemi
- Í skilgreiningu danskra laga um skráningu ákveðinna fyrirtækja (Lov om visse erhvervsdrivende virksomheder frá 2002, 2. gr.) er sameignarfélag skilgreint sem fyrirtæki þar sem allir þátttakendur bera persónulega, ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á skuldbindingum félagsins (Ved et interessentskab forstås i denne lov en virksomhed, hvor alle deltagerne hæfter personligt, uden begrænsning og solidarisk for virksomhedens forpligtelser). Í dönskum fræðum er byggt á því að jafnframt sé það skilyrði um sameignarfélög að þau stundi atvinnustarfsemi eða stefni a.m.k. að fjárhagslegum ávinningi með starfsemi sinni

- Í íslenskum rétti hefur ekki verið gerð sú krafa til sameignarfélaga að þau stundi atvinnurekstur. Hvorki er slíkan áskilnað að finna í löggjöf né verður kröfu um atvinnustarfsemi fundin stoð í réttarframkvæmd þótt raunin sé vissulega sú að íslensk sameignarfélög stunda oftast atvinnurekstur í hagnaðarskyni. Dæmi eru hins vegar um að í firmaskrá hafi verið skráð sameignarfélög sem samkvæmt tilgangi sínum stunda ekki atvinnustarfsemi. T.d hafa verið skráð sameignarfélög í firmaskrá sem halda utan um umsýslu og sölu einnar fasteignar
- Einnig má a.m.k. með óbeinum hætti ráða af dómi Hæstaréttar, Hrd. 1999, bls. 158, þar sem deilt var um hvort skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu sameignarfélags væri að það stundaði atvinnurekstur, **að viðurkennd séu sameignarfélög sem hafa ekki atvinnurekstur með höndum.** Með þessu frumvarpi er ekki ætlunin að breyta réttarstöðu sameignarfélaga að þessu leyti og er því gert ráð fyrir að sameignarfélög verði eftir sem áður stofnuð í öðrum tilgangi og um aðra starfsemi en beinan eða óbeinan atvinnurekstur
- Á hinn bóginn er sú krafa gerð að starfsemi sameignarfélags sé fjárhagslegs eðlis, þ.e. að með starfsemi sameignarfélaga sé stefnt að fjárhagslegum ávinningi eða til fjárhagslegra réttinda stofnist milli félagsins og félagsmanna hvort heldur sem er í þágu félagsmanna eða annarra með svipuðum hætti og í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Gildissvið hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga er hins vegar ekki bundið við að félögin stundi atvinnustarfsemi eins og t.d. í danskri löggjöf um þessi félög
- Eins og almennt gildir um hlutafélög og einkahlutafélög hljóta fjárhagslegar forsendur, atvinnustarfsemi eða umsýsla eigna ávallt að liggja til grundvallar stofnun sameignarfélaga auk þess sem þátttaka í sameignarfélögum felur í sér eignarréttarlegt tilkall, svo sem til arðs og hlutdeildar í eignum félagsins við slit. Hins vegar er það eitt megineinkenni **ófjárhagslegra félaga**, eins og almennra félaga sem oft eru kölluð félagasamtök, að með félagsaðild er hvorki stefnt að fjárhagslegum ávinningi né stofnast eignarréttarlegt tilkall til eigna félagsins á grundvelli hennar

Lag (1980:1102) om handelsbolag och enkla bolag

- Ett handelsbolag föreligger, om två eller flera har avtalat att gemensamt utöva **NÄRINGSVERKSAMHET** i bolag och bolaget har förts in i handelsregistret

Helstu efnispættir skilgreiningarinnar

- Samkomulag um fjárhagslega starfsemi
 - Þátttakendur í sameignarfélagi þurfa helst að gera sín á milli skriflegan samning um stofnun sameignarfélags til að stunda fjárhagslega starfsemi
 - Þetta er nauðsynlegt svo að unnt sé að skrá félagið í firma-skrá skv. lögum um sameignarfélög nr. 50/2007
- Tveir eða fleiri aðilar - hvaða aðilar eru þetta?
 - Þetta eru allir lögráða menn og lögaðilar. Líklega er þó skilyrði að hlutaðeigandi sé fjár síns ráðandi, það er ekki gjaldþrota. Áður máttu börn vera félagsaðilar en svo er ekki lengur, sbr. 6. gr. laga nr. 50/2007
 - Ath. að lögaðili getur verið félagsaðili þótt ábyrgð hans sé í eðli sínu takmörkuð

Atvinnurekstrarskilyrðið

Leiðir þetta t.d. af Partafélagsdóminum

- Þótt stofnun og skráning sameignarféлага í firmaskrá sé ekki háð því skilyrði að það stundi atvinnurekstur er því öðru vísi farið um skattskylduna
- Aðeins sameignarfélög er stunda sjálfstæða starfsemi eða atvinnurekstur geta þannig verið sjálfstæðir skattaðilar

Hvað er atvinnurekstur?

- Með atvinnurekstri er átt við sjálfstæða starfsemi sem stunduð er reglulega með ákveðnu umfangi í ekki mjög skamman tíma í þeim tilgangi að hagnast að fé
 1. Sjálfstæð starfsemi
 2. Reguleiki, umfang og tími
 3. Hagnaðartilgangur


II PARTAFÉLAGSMÁLIÐ

Dómur hæstaréttar dag. 21. janúar 1999 í málinu nr. 237/1998: Partafélagið sf., Jón Helgi

Guðmundsson og Jón Þór Hjaltason gegn íslenska ríkinu. Hrd. 1999, bls. 158

- Á árunum 1978 til 1997 voru vextir undanþegnir skatti. Hins vegar var arður skattlagður eins og laun. Partafélagsmálið fjallar um lögmæti þess að selja nýstofnuðu sameignarfélagi hlutabréfa eign manna og semja svo um að kaupverðið megi greiða með sanngjörnum vöxtum á x árum
- ✓ H og Þ stofnuðu sameignarfélagið P sem tilkynnt var til firmaskrár. Var svo um samið að félagið skyldi vera eigandi alls hlutafjár H og Þ í tilteknum hlutafélögum og rekið sem sjálfstæður skattaðili. P taldi svo fram sem sjálfstæður skattaðili árin 1992 til 1996
- ✓ Skattstjóri ákvað árið 1996 að endurákvarða opinber gjöld P þannig að þau féllu niður en þess í stað skattleggja eignir og tekjur P með eignum og tekjum H og Þ. Auk þessa lagði skattstjóri álag á skattstofna H og Þ við álagningu opinberra gjalda vegna framangreinds tímabil.
- ✓ Talið var að P uppfyllti að formi til skilyrði þess að teljast sjálfstæður skattaðili samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt
- ✓ Skilyrði fyrir sjálfstæðri **skattskyldu sameignarfélags** væri hins vegar að félag hefði atvinnurekstur með höndum **en því væri ekki til að dreifa um P**
- ✓ Var því hafnað kröfu P, H og Þ um ógildingu ákvarðana skattstjóra. Þá var talið að framtöl P, H og Þ hefðu verið með þeim hætti að heimilt hefði verið að endurákvarða opinber gjöld þeirra og leggja álag á skattstofna H og Þ

Eigendur selja hlutabréf sín inn í P fyrir 1.000.
Söluverðið er lánað til x ára með 10% vöxtum á ári



- Með stofnsamningi dags. 20. maí 1992, stofnuðu stefnendur, Jón Helgi Guðmundsson og Jón Þór Hjaltason, Partafélagið sf. en þeir voru þá eigendur stærsta hluta hlutafjár í BYKO hf. og Jónum hf. Tilgangur félagsins var sagður eignaumsýsla, rekstur fasteigna og skyldur rekstur. Tilkynning um stofnunina, dags. 15. september 1992, var send firmaskrá Kópavogs hinn 17. september 1992 og félagið var skráð
- Var svo um samið milli eigenda að sameignarfélagið skyldi verða eigandi alls hlutafjár þeirra í BYKO hf. og Jónum hf. og rekið sem sjálfstæður skattaðili og voru kaupsamningar gerðir um kaup sameignarfélagsins á hlutabréfum eigenda í BYKO hf. hinn 20. maí 1992 og hinn 27. október 1992 um hlutabréfin í Jónum hf. Taldi sameignarfélagið fram sem sjálfstæður skattaðili, fyrst fyrir tekjuárið 1992 og síðan upp frá því
- Með bréfi skattstjórans í Reykjanesumdæmi til Partafélagsins sf., dagsett 29. maí 1996 var óskað eftir því að sameignarfélagið legði fram öll fylgiskjöl bókhalds félagsins rekstrarárin 1992, 1993 og 1994 ásamt ljósritum af skuldabréfum og öðrum gögnum, sem vörðuðu reksturinn umrædd rekstrarár. Sameignarfélagið varð við þessum óskum með bréfi dags. 20. júní 1996
- Að fengnu þessu bréfi tilkynnti skattstjóri að fyrirhugað væri með vísan til 96. gr. laga nr. 75/1981 að endurákvarða opinber gjöld félagsins gjaldárin 1993, 1994, 1995 og 1996 á grundvelli rökstuðnings í bréfinu
- Sama dag var eigendum félagsins tilkynnt með bréfum að fyrirhugað væri að falla frá allri skattlagningu á sameignarfélagið og skattleggja tekjur og eignir félagsins með tekjum þeirra og eignum. Kom m.a. fram í því að skattstjóri hefði í huga að bæta 25% álagi við hækkunar skattstofna eigenda

- Eftirgreindur rökstuðningur kemur fram í framangreindum bréfum skattstjóra frá 8. nóvember 1996:
 1. Sameignarfélagið hafði ekki atvinnurekstur með höndum á árinu 1992 eða síðar og getur af þeim sökum ekki verið sjálfstæður skattaðili, sbr. úrskurði ríkisskattanefndar nr. 1098/1975 og nr. 532/1992. Vísar skattstjóri í því sambandi til 7. gr. TSL, þar sem gerður er greinarmunur á tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi (B liður) og arði af hlutabréfum (C liður, 4. tölul.).
 2. Viðskipti félagsins og eigenda þess bera mjög sterkan keim af málamyndagerningi, sem komi fram í eftirfarandi:
 - a) Engin gögn eru meðal bókhaldsgagna félagsins er staðfesta móttöku á arði frá BYKO hf. eða greiðslu á vöxtum til eigenda þess
 - b) Hlutabréfin, sem seld voru félaginu, hafi verið seld á nafnvirði þó að ljóst hafi verið að það verð var fjarri sannvirði
 - c) Ekki var tekið fram í samningum um kaup á hlutabréfunum með hvaða hætti andvirði þeirra skyldi greitt, aðeins að andvirði bréfanna skuli færast á viðskiptareikning eigenda hjá félaginu.
 - d) Vextir sem sameignarfélagið greiddi eigendum á árinu 1992 vegna inneignar þeirra svaraði til 23,4% ársvaxta sem er mun hærra en vextir af skuldabréfum hjá bankastofnunum voru á þessum tíma
 3. Ákvarðanir um arð af hlutabréfum félagsins voru teknar áður en kaup um hlutabréfin áttu sér stað og beri því að teljast til tekna á skattframtali eigenda félagsins árið 1993

Úrskurður nr. 53/2007

Gjaldár 2001-2003. Byko gengur aftur

- X sf., sem var sameignarfélag í eigu kæranda og tengdra aðila, var ósjálfstæður skattaðili og voru tekjur félagsins því skattlagðar hjá kæranda og öðrum eigendum þess. Skattstjóri taldi að við skattlagningu tekna X sf. hjá eigendum félagsins bæri að miða við að um **fjármagnstekjur utan rekstrar væri að ræða** en ekki tekjur af atvinnurekstri þar sem X sf. **hefði ekki haft með höndum atvinnurekstur í skattalegu tilliti**. Lagði skattstjóri áherslu á í því sambandi að þrátt fyrir að X sf. hefði fjárfest í hlutabréfum fyrir verulega fjárhæð í kjölfar stofnunar sinnar árið 2000 **hefði EKKI verið um frekari fjárfestingar í hlutabréfum eða verðbréfum að ræða þau ár sem málið varðaði**
- Í úrskurði yfirséðanefndar kom fram að í þessu sambandi yrði ekki litið fram hjá **skýringum** kæranda varðandi aðstæður á hlutabréfamarkaði og verðlækkun hlutabréfa félagsins frá kaupum þeirra á árinu 2000. Þá yrði að hafa í huga að tekjur X sf. hefðu aukist verulega milli árána 2000 og 2001
- **Var tekið fram í úrskurðinum að enginn vafi léki á því að félög, sem hefðu að meginmarkmiði sínu að fjárfesta í og eiga hluti í öðrum félögum og njóta arðs af þeim, teldust almennt hafa með höndum atvinnurekstur í skattalegu tilliti og þætti ekki neinn grundvöllur til þess að gera greinarmun á einstökum félagaformum í því sambandi**
- Starfsemi X sf., eins og hún væri mörkuð samkvæmt félagssamningi, yrði því samkvæmt almenn-um skilningi að telja til atvinnurekstrar. Þá var fallist á með kæranda að atvik í H 1999:158 væru ekki að öllu leyti sambærileg atvikum í máli kæranda og yrði ekki dregin sú ályktun af dómi þessum að sameignarfélag, **sem ekki væru sjálfstæðir skattaðilar**, gætu ekki undir neinum kringum-stæðum talist hafa með höndum atvinnurekstur, svo sem skattstjóri hafði ýjað að. Var krafa kæranda tekin til greina, enda var skattstjóri ekki talinn hafa sýnt fram á að X sf. hefði ekki haft með höndum atvinnurekstur í skattalegu tilliti

VIII. kafli. Skráning.

45. gr. Skráning sameignarféлага í firmaskrá

Skapar þetta óvissu?

- Fyrirtækjaskrá skráir sameignarfélög í firmaskrá í samræmi við firmalög. Tilkynningu til firmaskrár skulu fylgja tilskilin fylgiskjöl ásamt skráningar- og birtingargjöldum
- Sameignarfélag, **sem stundar atvinnurekstur**, skal tilkynnt til skráningar í firmaskrá [...] þar sem heimilisfang félagsins er áður en atvinnureksturinn hefst
- **Sameignarfélag telst stunda atvinnurekstur ef það:**
 1. hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og þvíumlíku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri;
 2. **fer með meiri hluta atkvæða í félagi sem stundar atvinnurekstur eða fer með öðrum hætti með sambærileg yfirráð í því – eins og PARTAFÉLAGIÐ GERÐI Á SÍNUM TÍMA**

Stofnun sameignarfélags

1. Stofnfé – Ekki skylda. Ábyrgðin er jú ótakmörkuð
 - Við stofnun sf. er ekki skylda að leggja fram neitt stofnfé
 - Stofnfé var áður stimpilskylt (2%) en svo er ekki lengur. Ath. þó betur
2. Eignarhlutföll – Samkomulagsatriði
 - Varhugavert getur þó verið að láta A eiga 99,99% og B 0,01%. Skattasniðganga
3. Skipting hagnaðar/taps – Samkomulagsatriði
 - Athuga ber að ekki er skylda að skipta hagnaði og tapi eins. Frávik þessa verður þó að byggjast á viðskiptalegum sjónarmiðum

Úrskurður nr. 268/2010

Gjaldár 2008

- Kærandi í máli þessu var samlagsfélag í eigu tveggja **nákominna manna**, A og B. Fram kom í úrskurði yfirskattanefndar að einkenni samlagsfélaga væri einkum að einn eða fleiri félagsmenn bæru beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, en einn eða fleiri félagsmenn bæru einungis ábyrgð að því marki sem fjárframlagi þeirra til félagsins næmi
- Samkvæmt félagssamningi kæranda var **engu** stofnfé til að dreifa í félaginu. Að því athuguðu og þegar litið var til ákvæða félagssamningsins um eignarhlutföll (**99,9% og 0,1%**) og ábyrgð að öðru leyti, sem höfðu í för með sér að ábyrgð B á starfsemi kæranda var í raun **hverfandi**, sem og þess að **nákomnir aðilar** stóðu að stofnun kæranda, var talið að atvik bentu eindregið til þess **að stofnun félagsins hefði verið til málamynda gerð í skattalegu tilliti**
- Var því fallist á með ríkisskattstjóra að kærandi uppfyllti ekki skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu

YSÚ 368/2012

- Samkvæmt félagssamningi kæranda, sem var skráð samlagsfélag um tryggingastarfsemi, skiptist eignarhald að félaginu þannig að A var eigandi að 99% hlut í félaginu en X ehf. eigandi að 1% hlut. Ekki var um að ræða neitt fjárframlag A til kæranda, enda var engu stofnfé til að dreifa, en X ehf. bar ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins gagnvart þriðja manni
- Yfirsattanefnd taldi leiða af ákvæðum félagssamningsins að A bæri í raun hverfandi ábyrgð á starfsemi kæranda þrátt fyrir að vera eigandi að 99% hlut í félaginu. Að því athuguðu og þegar litið var til þess að nátengdir aðilar stóðu að stofnun kæranda, enda var A eigandi alls hlutafjár í X ehf., þóttu atvik benda eindregið til þess að stofnun kæranda hefði verið til málamynda gerð í skattalegu tilliti
- Var því hafnað að skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu væru uppfyllt í tilviki kæranda.

Skipting hagnaðar og taps

Sjá nánar 21. gr. laga nr. 50/2007

- Félagsfundur tekur ákvörðun um hvort greiða skuli félagsmönnum hlut þeirra í hagnaði félagsins
- Hagnaði og tapi skal skipt milli félagsmanna eftir **eignarhlutföllum**. Ef eignarhlutföll verða ekki ráðin af félagssamningi skal hagnaði og tapi skipt **jafnt** á milli félagsmanna

3. mgr. 2. gr. TSL

Skipting hagnaðar. Ekki sjálfstæðir skatt...

- Sé þess **ekki** óskað við skráningu samlagsfélags, samlagshlutafélags eða sameignarfélags að félagið sé sjálfstæður skattaðili ... skal tekjum þess og eignum skipt milli félagsaðila í samræmi við **félags samning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna**
—sem atvinnurekstrartekjur
- Kveði félagssamningur **eigi** á um skiptingu tekna og eigna skal þeim skipt milli félagsaðila eftir eignarhlutföllum. **Ef eignarhlutföll eru ekki fyrir hendi eða þau óljós skal tekjum og eignum skipt jafnt milli félagsaðila**

Víkja má frá þessum reglum í félagssamningi

- ... og skipta hagnaði t.d. eftir vinnuframlagi

Skattlagning sameignarfélaga

Hvernig er unnt að skattleggja sf.

- Brúttóaðferð → Danmörk
 - Þar er heildartekjum og heildargjöldum skipt á milli félagsmanna. **Skattstofnar þátttakenda geta því verið ólíkir**
 - Aðilar velja t. d. ólík fyrningarhlutföll
- Nettóaðferð → Ísland, Svíþjóð og Noregur
 - Þar er mismuni heildartekna og heildargjalda skipt á milli félagsmanna. **Skattstofnar þátttakenda eru því allir eins**

Skattlagning sameignarfélags í raun

- **Ekki sjálfstæðir skattaðilar.** Hreinar tekjur (hagnaður eða tap) skattleggjast hjá þátttakendum í hlutfalli við eignarhluti þeirra/í samræmi við samkomulag þeirra
 - Þess vegna kallast sf./slf. þátttakenda skattlagðir aðilar. Hagnaðurinn/tapið skattleggst sem atvinnurekstrartekjur sem þýðir að eigi maður tap/hagnað frá annarri starfsemi má jafna því saman
- **Sjálfstæðir skattaðilar.** Hreinar tekjur (hagnaður eða tap) eingöngu skattlagðar hjá félaginu. Þátttakendur bera þó eftir sem áður beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á sköttum félagsins

Skatthlutföll

vegna þessa skiptir auðvitað megin máli

Álagning 2020 vegna 2019

- Ef sameignarfélag er ekki sjálfstæður skattaðili ber þátttakendum að greiða atvinnurekendatekjuskatt af hagnaðinum
- Skatthlutfallið er með öðrum orðum mismunandi eftir því hver viðtakandi teknanna er. Einstaklingar greiða þannig 36,94% eða 46,24% skatt, hlutafélög 20% og sameignarfélög 37,6%
- Teljist félagið hins vegar sjálfstæður skattaðili er skatthlutfallið 37,6%

Um skattlagninguna nánar

þegar félag er ekki sjálfstæður skattaðili

- Viðtakandinn (þátttakandinn) færir tekjurnar sem venjulegar atvinnurekstrartekjur
- Ef þetta eru einu tekjurnar er málið einfalt. Hann greiðir skatt af tekjunum með hefðubundnum hætti
- Stundi viðtakandinn hins vegar annan atvinnurekstur má jafna tapi af honum á móti hagnaði af sameignarfélaginu og tapi af sameignarfélaginu á móti hagnaði af hinum atvinnurekstrinum
- Nettó hagnaður sætir semsé aðeins skatti þegar svo stendur á - samsköttunaráhrif

Samsköttun

- Ekki er heimilt að samskatta tvö eða fleiri sf./slf. eins og hf./ehf.

Sjálfstæðir og **ekki** sjálfstæðir skattaðilar

- Ef ákvæði **3. mgr.** 2. gr. TSL er undanskilið er hvergi að finna ákvæði um sameignarfélag sem **EKKI** telst sjálfstæður skattaðili
- Td. er hvergi mælt fyrir um ákvörðun tekjuskattsstofns [eða eignarskattsstofns] slíks félags. Allt þetta leiðir einfaldlega af almennum reglum
- Í 3. tölul. **1. mgr.** 2. gr. TSL er hins vegar að finna ítarleg ákvæði um það hvenær sameignarfélag teljist sjálfstæður skattaðili. **Þetta er mjög þýðingar mikið ákvæði og því rétt að kunna það vel**

Ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSL

- Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, ... 1) hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem heimilisfastir eru hér á landi:

3. Samlagsfélögum og sameignarfélögum með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, **enda sé félagið A) skráð í firmaskrá hér á landi, þess B) óskað við skráningu að félagið sé sjálfstæður skattaðili og við skráningu afhentur félagssamningur þar sem getið sé 1) eignarhlutfalla eigenda, 2) innborgaðs stofnfjár svo og 3) hvernig félagsslitum skuli háttað**

Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga

Oft er þó látið nægja að gera þetta þegar sótt er um vsk. nr.

Skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu

Hin formlegu skilyrði

- Eigi sameignarfélag að vera sjálfstæður skattaðili þarf bæði að fullnægja A) formlegum og B) efnislegum skilyrðum
- Hin formlegu skilyrði lúta einkum að gerð stofnsamnings eða samþykktar fyrir félagið þar með talið efni þessa og skráningu félagsins hjá firmaskrárritara með **beiðni um að félagið skuli vera sjálfstæður skattaðili**
- Stofnsamningur eða samþykktir verða að hafa að geyma ákvæði um 1) eignarhlutföll, 2) stofnfé og 3) fyrirkomulag á niðurlagningu félagsins

Skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu

Hin efnislegu skilyrði

- Hin efnislegu skilyrði lúta að innihaldi félagssamningsins. Skv. því sem segir í 3. tölul. 2. gr. TSL verður hann að hafa ákvæði um
 1. **Eignarhlutföll.** Þetta er þó ekki strangt skilyrði. Þannig leiðir af 3. mgr. 2. gr. TSL að þátttakendur teljast eiga félag að jöfnu sé eignarhlutfalla ekki getið. En hvað með Vélsmiðju ORMS
 2. **Fjárhæð** innborgaðs stofnfjár. Stofnfé sameignarfélags má vera 0 kr. og telst skilyrðinu því fullnægt ef sagt er að það sé 0 kr.
 3. **Fyrirkomulag slita.** Eftir lögfestingu laga um sameignarfélög hefur þýðing þessa ákvæðis minnkað. Sjá VI. kafla laga um sameignarfélög: **FÉLAGSSLIT OG SKIPTI**

Dómur dags. 8. desember 2011 í málinu nr. 262/2011.
Eiríkur Ormur Víglundsson og Vélsmiðja Orms og Víglundar sf.
gegn Guðmundi Helga Víglundssyni

- G krafðist þess að að viðurkennt yrði að hann væri eigandi að 50% eignarhlut í V sf. og að hann ætti rétt á að fá helming þeirra eigna sem kæmu til úthlutunar við slit félagsins
- Niðurstaða Hæstaréttar var sú að þar sem G hefði ekki sýnt fram á það með haldbærum rökum að hann hefði eignast hlut í V sf. voru V sf. og E sýknaðir af kröfu hans um að hann væri eigandi að 50% hlut í sameignarfélaginu og þar með þeirri kröfu að við slit á því ætti hann að fá helming af þeim eignum sem kæmu til úthlutunar
- **ÞÓ TALDI** Hæstiréttur að leggja bæri til grundvallar að G væri félagsmaður í sameignarfélaginu **enda yrði hvorki af skilgreiningu laga nr. 50/2007 um sameignarfélög né öðrum ákvæðum laganna ráðið að félagsmaður í sameignarfélagi **þyrfti að eiga eignarhlut í því** heldur virtist gert ráð fyrir því að félagsmenn gætu samið sín á milli um það hvort og þá hve stóran hlut hver félagsmaður ætti enda þótt ábyrgð allra á skuldbindingum félagsins væri ótakmörkuð**

Úrskurður nr. 146/2006

Gjaldár 2003 og 2004

- Skattstjóri taldi að kærandi, sem var sameignarfélag, uppfyllti ekki lagaskilyrði fyrir sjálfstæðri skattskyldu **þar sem ekkert kæmi fram í félagssamningi kæranda um hvernig félagsslitum skyldi háttað og hvernig eignarhlutföllum væri farið**. Af þeim sökum felldi skattstjóri niður sjálfstæða skattskyldu kæranda og skattlagði **EIGENDUR** félagsins af tekjum og eignum þess
- Yfirskattanefnd benti á að almennar reglur félagaréttar leystu úr því hvernig haga bæri félagsslitum ef ákvæði þar að lútandi skorti í félagssamningi eða væru ófullkomin að einhverju leyti
- Þá yrði að telja það **almenna reglu**, væri ekki á annan hátt kveðið í félagssamningi, að eignarhlutföll félagsmanna væru **jöfn**. Var ekki talið að túlka bæri umrætt lagaskilyrði svo að gerðar væru **strangar** kröfur til efnis félagsslitaákvæða og ákvæða um eignarhlutdeild. Var krafa kæranda tekin til greina

YSÚ 441/1999

Ekki má heldur gleyma að skrá

- Félagssamningur sameignarfélags var dagsettur 15. júní 1996 og var félagið skráð í firmaskrá **20. febrúar 1997**, en birting tilkynningar í Lögbirtingablaði dróst fram í maí 1998. Skattstjóri felldi niður sjálfstæða skattskyldu sameignarfélagsins á þeim forsendum að félagið hefði „**hvorki samtímis né innan hæfilegs frests**“ verið tilkynnt til skráningar í firmaskrá.
- Í úrskurði yfirskattanefndar var tekið fram að í **skattalögum** væri ekki settur sérstakur frestur til skráningar í firmaskrá, en samkvæmt firmalögum skyldi tilkynna þá aðila, sem tilkynningarskyldir væru samkvæmt lögnum, áður en atvinnureksturinn byrjaði. Fyrir lægi að kærandi hefði verið skráður í firmaskrá og tilkynning um það síðan birt í Lögbirtingablaði. Væru ekki efni til annars en skattstjóri byggði á þessu. Að svo vöxnu og þar sem skattstjóri hefði ekki haldið því fram að á hafi skort að kærandi uppfyllti önnur skilyrði fyrir sjálfstæðri skattskyldu var hinum kærðu ákvörðunum skattstjóra hnekt

YSÚ 84/2013

Fordæmi var komið. Lesið úrskurðinn

- Ríkisskattstjóri felldi niður sjálfstæða skattskyldu sameigna-félagsins X sf. **með vísan til þess að ekki hefði verið óskað eftir skráningu félagsins í fyrirtækjaskrá** og félaginu því ekki verið fengin kennitala eins og lög gerðu ráð fyrir. Þá væri um að ræða breytingu á rekstrarformi, þ.e. úr einstaklingsrekstri aðaleiganda X sf. í sameignarfélag
- Í úrskurði yfirséðanefndar kom fram að almennt væri ekkert því til fyrirstöðu að rekstri, sem einstaklingur hefði áður haft með höndum í eigin nafni, væri komið fyrir innan vébanda nýstofnaðs sameignarfélags, enda væru lagaskilyrði fyrir stofnun og starfsemi slíks félags uppfyllt. **Þá væri ekki gert að skilyrði fyrir sjálfstæðri skattaðild sameignarfélags í lögum um tekjuskatt að fyrirtækjaskrá væri tilkynnt um stofnun félagsins.** Var hinni kærðu ákvörðun ríkisskattstjóra hnekk

Ath. sérreglur gilda um sameignar- og samlagsfélög í eigu hjóna

- Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum (börn undir 18 ára aldri) sínum geta **EKKI** myndað samlagsfélag eða sameignarfélag er sé sjálfstæður skattaðili
- Með hjónum er átt við **EINSTAKLINGA** í hjónabandi, sjá hjúskaparlög nr. 31/1993
- Skv. því tekur bannið ekki til einstaklinga í óvígðri sambúð. Slíkir aðilar geta því stofnað sameignarfélag er sé sjálfstæður skattaðili. Gangi þeir í hjónaband missir félagið hins vegar skatthæfi sitt

Hvað gerist ef þessa er ekki gætt?

Endurskoðendaábyrgð

- Félagið getur misst skatthæfi sitt það er rétt sinn til að vera sjálfstæður skattaðili
- Í stað 37,6% félagsskatts af hagnaðinum yrði hann þátttakendaskattlagður. Maður, sem er þátttakandi, gæti því þurft að greiða eftir atvikum 36,94% eða 46,24% af hagnaðinum í skatt
- **MESTA HÆTTAN LIGGUR ÞÓ Í ÞVÍ AÐ YFIRFÆRT ÓNÝTT REKSTRARTAP VERÐI FELLT NIÐUR**

Af koma af sameignarrekstri hjóna

Ár	1	2	3	4	5	6
Afkoma	-1.500	-1.000	-500	0	1.500	1.500
Yfirfært		-2.500	-3.000	-3.000	-1.500	0

Reksturinn er á núlli í árslok 4 árs. Framtíðin virðist því björt og í ljósi þessa ákveða A og B að ganga í hjónaband. Í árslok 5 árs er 1,5 millj. hagnaður af starfseminni og eykur það enn á hamingju hjónanna. Engin takmörk eru líka á hamingju þeirra í lok árs 6 þegar sama sagan endurtekur sig aftur þar til þeim berst bréf frá Ríkisskattstjóra dags. 1. mars 2019 þar sem segir að við endurskoðun á skattskilum þeirra virðist sem félagið hafi glatað skattalegu hæfi sínu í ársbyrjun 2017 og standi því til að gera þeim auka skatt að fjárhæð 1,4 millj. HVAÐ GETA HJÓNIN GERT?

Missir sjálfstæðrar skattskyldu Afleiðingar

- ATHUGUM NOKKUR TILVIK:
 - Félag kemst í eigu hjóna eða manns og barna hans undir 18 ára aldri – Sjá Gullfossmálið
 - Félögsmönnum fækkar í einn – einsmannsfélag
 - Félagsmaður andast eða verður gjaldþrota
 - Félagsmenn takmarka ábyrgð sína

Úrskurður nr. 401/2006

- Kærandi, sem var samlagsfélag, uppfyllti ekki lagaskilyrði fyrir sjálfstæðri skattskyldu við skráningu félagsins í firmaskrá í kjölfar stofnunar þess **þar sem einu félagsaðilar voru hjón**
- Í úrskurði yfirskattanefndar í málinu kom fram að skattaleg staða samlags og sameignarfélaga **yrði að ákvarðast þegar í upphafi** og að ef laga skilyrði brýsti fyrir sjálfstæðri skattskyldu slíkra félaga við skráningu í firmaskrá þá yrði síðar engin breyting á þeirri stöðu. Var kröfu kæranda hafnað

Úrskurður nr. 401/2006

Aumingja hjónin ...

- Með kæru, dags. 5. júlí 2006, hefur umboðsmaður kæranda skotið kæruúrskurði skattstjóra, dags. 19. apríl 2006, til yfirsattanefndar. Í kærinni kemur fram að þegar gengið hafi verið frá félagssamningi við stofnun kæranda í ársbyrjun 2004 hafi ekki verið **fyrir hendi vitneskja** um að hjónum væri óheimilt að mynda samlags-félag sem væri sjálfstæður skattaðili
- Engar **athugasemdir** hefðu verið gerðar hjá firmaskrá varðandi þetta atriði þegar félagssamningur og tilkynning um stofnun kæranda hefðu verið lagðir fram þann 2. febrúar 2004. Þá hefðu engar **athugasemdir** verið gerðar að þessu leyti þegar sótt hefði verið um kennitölu fyrir kæranda hjá Hlutfélagaskrá né þegar félagið hefði tilkynnt skattstjóra um virðisaukaskattsskylda starfsemi og skráningu á launagreiðendaskrá. Frá stofndegi hafi kærandi verið í fullum rekstri og stjórnendur þess staðið í þeirri trú að félagið væri sjálfstæður skattaðili og hagað rekstrinum samkvæmt því
- Ljóst sé samkvæmt framansögðu að **MISTÖK** hefðu verið gerð við frágang á félagssamningi vegna kæranda og **slík mistök hljóti að mega leiðrétta**. Tilkynning um breytingu á skráningu félagsins hafi verið afhent firmaskrá þann 10. maí 2006, sbr. meðfylgjandi ljósrit. Í ljósi framanritaðs sé þess krafist að kærandi verði áfram sjálfstæður skattaðili og að álagningu opinberra gjalda verði hagað samkvæmt því og úrskurður skattstjóra felldur úr gild

YSÚ 314/2013

- Kærandi í máli þessu var skráð samlagsfélag í eigu feðgina, þ.e. A með 90% eignarhlut og B með 10% eignarhlut. **Félags samningi fylgdi yfirlýsing B þar sem hún afsalaði sér öllum hagnaði af rekstri félagsins og rétti til að hafa áhrif á rekstur félagsins.** Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að þótt einhlítar reglur giltu ekki um skiptingu hagnaðar/taps í samlagsfélögum mætti þó telja fullvíst að slíkt afsal á rétti til hagnaðar fengi ekki staðist
- Þegar litið var til þess að með fyrrgreindri yfirlýsingu væri hluttaka B í starfsemi og rekstri kæranda hverfandi og þess að nákomnir aðilar stóðu að kæranda var fallist á með ríkisskatt stjóra að félagsstofnunin bæri þess merki að hafa verið gerð til málamynda í skattalegu tilliti. Var því fallist á með ríkisskatt stjóra að kærandi uppfyllti ekki skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu

Gullfossmálið

Hér hefði verið unnt að gera endurskoðandann ábyrgan

- Árið 1987 stofnuðu félagarnir S og M sameignarfélagið T og skyldi það vera sjálfstæður skattaðili. Á árinu 1993 seldi M hlut sinn. Keypti S 40% hlutarins en Ó, tengdafari S, 10%. Rétt fyrir árslok 1993 eignaðist G, eiginkona S, helming hlutar hans í félaginu. Eftir kaupin var eignarhaldið því svo 45 + 45 + 10
- [Þann 7. desember 1996](#) afsalaði Ó sínum hluta í félaginu til hjónanna S og G og var yfirlýsing þar um afhent sýslumanni og færð í firmaskrá
- Um leið var nafni félagsins breytt í GF og heimlisfang flutt frá Selfossi til Rvík. **Í tilkynningu um nafn-breytingu kom fram að S og G væru eigendur og stjórnarmenn félagsins og ættu þau 50% eignarhlut hvort**
- GF skilaði ekki skattframtali 1997 innan framtalsfrests og áætlaði skattstjóri gjaldstofna til álagningar á því gjaldári. Í kjölfarið var skilað skattframtali fyrir GF
- **Í bréfi frá skattstjóra, sem sent var í kjölfarið kom fram að með afhendingu framtalsins væri litið svo á að GF hefði kært álagningu opinberra gjalda á því ári. Þá sagði einnig í bréfinu að frá 7. desember 1996 fullnægði GF ekki skilyrðum til þess að teljast sjálfstæður skattaðili, þar sem hjón ein gætu ekki myndað slíkt sameignarfélag skv. lokamálslið 3. töluliðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.**
- Í svarbréfi GF kom fram að G og S hefðu 7. desember 1996 framselt 10% félagsins til ÓS, bróður G, en misfarist hefði að tilkynna það til firmaskrár, **en bætt hefði verið úr því með tilkynningu í október 1997** og væri GF því sjálfstæður skattaðili. (6. des. 1996 til okt. 1997 = 11. mán)
- Skattstjóri og síðar yfirskattanefnd höfðu því að leggja skattframtal GF til grundvallar álagningu og höfðu GF mál til að fá úrskurði yfirskattanefndar hnekk
- Talið var að virða yrði **að vettugi tilkynningu** um breytt eignarhald að GF, sem afhent var í október 1997. Því var talið að G og S hefðu orðið einu eigendur GF í desember 1996 og skilyrði fyrir sjálfstæðri skattaðild félagsins hefðu þá liðið undir lok. Voru því ekki talin skilyrði til að hnekkja úrskurði yfirskattanefndar og var íslenska ríkið sýknað af kröfum GF

Hvað hefðu hjónin átt að gera?

- Fjölga í félaginu um einn. Að taka inn nýjan félaga er þó allt annað er auðvelt verk. Menn eru t.d. almennt ekki mjög fúsir að ganga inn í sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð
- Ef ábyrgðin er takmörkuð við ákveðna fjárhæð kann það að ganga betur. Takist að lokka einhvern inn í félagið á þeim nótum breytist félagið úr sf. í slf.
- Einnig hefði mátt umbreyta félaginu í ehf., sbr. 53. gr. TSL

Skattlagning sameignarfélaga

Ekki sjálfstæður skattaðili

- Uppgjör tekjuskattsstofns, almennt
 - Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.
- Ef sameignarfélag **telst ekki** sjálfstæður skattaðili ber að
 - skipta hagnaði (tapi) milli þátttakenda og er hann síðan skattlagður eftir atvikum með 36,94% eða 46,24% skatti hjá einstaklingum, en með 20% skatti hjá ehf. eða 37,6% skatti hjá sf./slf. Um skiptinguna nánar, sjá 3. mgr. 2. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Sé þess **ekki** óskað við skráningu samlagsfélags, samlagshlutafélags eða sameignarfélags að félagið sé sjálfstæður skattaðili skal tekjum hans og eignum skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna
 - Kveði félagssamningur eigi á um skiptingu tekna og eigna skal þeim skipt milli félagsaðila eftir eignarhlutföllum. **Ef eignarhlutföll eru ekki fyrir hendi eða þau óljós skal tekjum og eignum skipt jafnt milli félagsaðila.**
 - Stundi skattaðili annan atvinnurekstur má hann jafna hagnaði og tapi einstakara greina saman

Skattlagning sameignarféлага

sjálfstæður skattaðili

- Uppgjör tekjuskattsstofns, almennt
 - Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr., sbr. 2. tölul. 61. gr. TSL
- Ef sameignarfélag telst sjálfstæður skattaðili
 - Leggja ber á félagið sem slíkt. Hagnaður sætir 37,6% skatti, sbr. 2. mgr. 71. gr. TSL
 - Þetta gildir um allar tekjur nema fenginn arð
- Sjá 3. mgr. 71. gr. TSL. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal tekjuskattur þeirra lögaðila er greinir í 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. af FENGNUM ARÐI skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. vera 22% af þessum tekjum
- Hvað með fenginn hagnað af sölu hlutabréfa?

Hvaða tilgangi þjónar þetta. Sjá 9. tölul. 31. gr. TSL

Sjá a-lið 9. tölul. 31. gr. TSL

Fenginn arður			
	Ehf	Sf	Sf
Hagnaður	100,00	100,00	100,00
Félagaskattur	0,00	37,60	22,00
Úthlutun	100,00	62,40	78,00
Þátttakenda skattur	22,00	0,00	0,00
Til ráðstöfunar	78,00	62,40	78,00
Heildarskattur	22,00	37,60	22,00

Ábyrgð á skattskuldum

Um ábyrgðina, sjá 1. mgr. 116. gr. er hljóðar svo

- Sameignarfélög - ekki sjálfstæðir skattaðilar
 - Hjón, sbr. 62. og 80. gr., bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja
- Sameignarfélög - sjálfstæðir skattaðilar
 - Eigendur sameignarfélags, sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þess
 - Hér má velta fyrir sér hvort maki, sem ekki er þátttakandi/eigandi, beri ábyrgð
 - Muna svo að ábyrgð hlutafélags, sem er þátttakandi, er takmörkuð

Skattlagning félagsmanna

- Sameignarfélög eru Einskattlögð fyrirbæri. Hagnaður af rekstri skattleggst þannig aðeins einu sinni, hjá þátttakendum eða félagi
- **VIÐSKIPTI FÉLAGS OG ÞÁTTTAKENDA.** Eðli tekna/gjalda einstaks þátttakanda ræðst af því hvort hann er einstaklingur eða atvinnurekandi
 - Atvinnurekstur félagsins smitar því ekki sjálfkrafa á þátttakendurna eins og í Noregi og Svíþjóð
- Úttektir og lán þátttakenda til félags. Skoðið AM-Praxis. Lán talið framlagsfé. Gjaldfærðir Vextir því felldir niður. Eigi að síður var ekkert hirt um að leiðrétta skattskil eigendanna

AM - Praxis

- Árið 1996 ákváðu hluthafar almennu málflutningstofunnar að slíta félaginu. Í framhaldi var sameignarfélag um rekstur stofunnar endurvakið
- Við slit hlutafélagsins voru sameignarfélaginu seldar hreinar bókfærðar eignir þess og var kaupverðið greitt með skuldabréfum. Þessi skuldabréf komust um síðir í hendur hluthafanna, hinna sömu og voru félagsmenn í sameignarfélaginu
- Í málinu var deilt um það hvort gjaldfærð vaxtagjöld á rekstrarreikningi sameignarfélagsins vegna vaxta af skuldabréfunum væru frádráttarbær frá tekjum þess. Skattstjóri taldi svo **ekki** vera og endurákvarðaði opinber gjöld félagsins. Gekk málið til yfirskattanefndar sem staðfesti úrskurð skattstjóra
- Í framhaldi höfðaði Almenna málflutningsstofan sf. opinbert mál á hendur ríkinu og krafðist ómerkingar á úrskurði yfirskattanefndar. Kröfur félagsins náðu hins vegar ekki fram að ganga:
- Var fallist á það álit yfirskattanefndar, að þar sem tilgangur umræddra ráðstafana hafi í raun verið sá einn að færa rekstur málflutningsstofunnar aftur í það félagsform, sem hann var áður, **og jafnframt að fjármagn það sem gekk til sameignarfélagsins í formi lánsfjár hafi falist í eigin fé þessa rekstrar, yrði að virða ætlaðar lánveitingar sem framlagt fé í skilningi skattalaga, en vextir af því væru ekki frádráttarbærir, sbr. 3. tölul 50. gr. TSL**

Upphaf skattskyldu

- Stofndagur, það er dagsetning félagssamnings. Sjálfstæð skattskylda er þó háð eftirfarandi skráningu hjá fyrirtækjaskrá
- Ef skráningu er ekki fullnægt geta félagsmenn átt á hættu að lagt verði á félagið sem ekki sjálfstæðan skattaðila

Framlag eigna við stofnun

Ath. breytir það einhverju í þessu sambandi
að félag sé sjálfstæður skattaðili

- Um framlag á peningum og eignum gilda í megin dráttum sömu reglur og þegar einstaklingsrekstur á í hlut – Peningarinnir fara inn í sjóð og út af eigin fé
- Um framlagningu á eignum gilda hins vegar ólíkar reglur eftir því hver leggur þær fram
 - **Framlag manna telst ekki sala.** Hlutaðeigandi þarf því ekki að greiða hagnaðarskatt þótt framlagsverðið sé hærra en stofnverðið
 - Framlag lögaðila telst ávallt sala og helgast það af því að um er að ræða tvo sjálfstæða skattaðila

Framlagsverð hjá mönnum

- Við framlag manna á eignum hefur hingað til verið gengið út frá **markaðsverði** eignar á hlutaðeigandi stað og tíma
- Ef markaðsverðið er hærra en stofnverðið hefur maður því getað **afskattað** verðið svo að segja – sparað sér skatt
- Eftir úrskurð yfirskattanefndar nr. 321/2010 orkar þetta tvímælis

Úrskurður nr. 321/2010

Gjaldár 2009

- Kærandi, sem flutti búferlum á árinu 2008, hóf á sama ári rekstur gistiheimilis í hinu eldra íbúðarhúsnæði sínu. Í málinu var deilt um ákvörðun stofnverðs húsnæðisins í skattskilum kæranda árið 2009
- Skattstjóri taldi að miða bæri við kaupverð fasteignarinnar við kaup kæranda á fasteigninni á árinu 2003 **(17,3 millj.)**, en kærandi hélt því hins vegar fram að miða yrði við markaðsverðmæti fasteignarinnar á upphafsári rekstrar, þ.e. á árinu 2008 **(49 millj.)**
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að ekki væri um að ræða sölu á fasteigninni í skilningi laga nr. 90/2003 heldur hefði fasteignin verið lögð fram við upphaf atvinnurekstrar kæranda þar sem eignin hefði verið ætluð til nota í rekstrinum. Í lögum nr. 90/2003 nyti ekki sérstakra reglna um ákvörðun fyrningargrunns eigna við slíkar aðstæður og færi því um þau efni eftir almennum reglum í 2. mgr. 36. gr. laganna. Var kröfu kæranda því hafnað

Menn: Framlag eða sala

- Hins vegar virðast menn mega ráða því hvort þeir leggi eign fram við stofnun sameignarfélags eða selji sameignarfélagi eignina við það tækifæri
- Maður verður aðeins að gæta að því að skrá t.d. í stofnfundagerð hvort heldur er
- Ef eign er seld er ekki hægt að miða söluverðið við upphaflegt kaupverð. Miða ber við markaðsverð skilyrðislaust

Eignarhlutur og eignarhlutdeild

Sjálfstæður og ekki sjálfstæður skattaðili

- Hluthafar eiga eignarhluti í hf. og ehf. Þegar um er að ræða sf./slf. kallast eignarhaldið hins vegar **hlutdeild**
- Ef sameignarfélag er **EKKI** sjálfstæður skattaðili á maður eignarhlutdeild í eignum og skuldum per se **EN EIGIÐ FÉ** þegar félagið er sjálfstæður skattaðili

Fjölgun félagsmanna hækkun stofnfjár

- Ekki er unnt að hækka stofnfé sf./slf. með sama hætti og hlutafé í hf./ehf. Ath
- Sf./slf. getur heldur ekki átt eignarhlutdeild í sjálfu sér
- Nýja þátttakendur er því aðeins unnt að taka inn í félag með aðilaskiptum að eignar **hlutdeild**
- **Ath**

Inntaka nýrra félaga

- Sf./Slf. sjálfstæður skattaðili
 - Inntaka á sér stað með aðilaskiptum að hlutdeild félagsmanna í **EIGIN FÉ**. Hið keypta er því „einstaklingseign“
- Sf./slf. **ekki** sjálfstæður skattaðili
 - Inntaka á sér stað með kaupum á hlutdeild félagsmanns/a í eignum félags gegn greiðslu með yfirtöku skulda o.fl. Hið keypta telst því „atvinnurekstrareign“

Afleiðing af inntöku

- Sé félag **ekki** sjálfstæður skattaðili getur inntaka nýrra þátttakenda því valdið hækkun á fyrningar grunni eigna
- Menn kaupa sig jú inn í allar eignir félagsins og greiða með yfirtöku allra skulda þess og reiðufé eða framlagi og nýjum eignum að tiltölu miðað við fyrirhugaða eignarhlutdeild þeirra
- Athugið að viðskiptavild getur því myndast undir þessum kringumstæðum ef markaðsverð hlutdeildarinnar er **lægra** en söluverðið

Fækkun félagsmanna

- Stofnun félags byggir á samkomulagi. Sama gildir um slit og úrgöngu einstakra félagsmanna
- Gildir þetta forstakslaust nema um samningsbrot sé að ræða
- Náist ekki samkomulag um slit verða þeir, sem halda vilja áfram starfsemi félags, að kaupa þá út sem vilja slíta félaginu – **eða láta félagið kaupa þá út**
- Framkvæmd þessa er ólík eftir því hvort félag er **sjáfstæður skattaðili** eða **ekki sjáfstæður skatt aðili, sbr. hér að framan um inntöku nýrra félaga**

A
T
H

32. gr. Úrsögn (innlausn) SFL

- Félagsmaður getur með sex mánaða fyrirvara sagt upp félagsaðild skriflega **og krafist innlausnar af félaginu**. Innlausnarverð er verðmæti eignarhlutar á þeim tíma er uppsagnarfresturinn rennur út.
- Félagsmaður getur krafist innlausnar fyrirvaralaust:
 - a. hafi verið brotið gegn réttindum hans með verulegri vanefnd á félagssamningi;
 - b. hafi hann orðið undir í atkvæðagreiðslu þar sem meiri hluti hefur ráðið úrslitum í mikilvægu máli
 - c. þegar innlausn af öðrum ástæðum telst heimil af augljósum sanngirnisástæðum
 - d. Innlausnarverð skv. 2. mgr. er verðmæti eignarhlutar á þeim tíma er innlausnarheimildin lá fyrir
- Úrsögn skv. 1. og 2. mgr. skal tilkynnt öllum félagsmönnum. Stjórn, hafi hún verið kosin, skal einnig tilkynnt um úrsögn. Réttaráhrif úrsagnar skv. 2. mgr. verða þegar krafa um úrsögn hefur borist félagsmönnum.
- Ef ekki er gerð krafa um innlausn skv. 2. mgr. innan hæfilegs frests frá því að innlausnarheimildin lá fyrir fellur heimildin brott
- Víkja má frá ákvæðum greinar þessarar með samningi

Hvað þýðir innlausn og innlausnarverð?

- Ath. frumvarp til laga nr. 50/2007 einkum og sér í lagi athugasemdir við 32. og 33. gr. laganna
- Sala og söluverð, kaupskylda

Einsmannsfélag

- Oftast byggjast slit á sameignarfélagi á meðvitaðri ákvörðun
- Stundum kemur þó fyrir að félag hætti að vera til án þess að þátttakendurnir hafi nokkuð um það að segja
- Algengast er að það gerist þegar félagsmönnum fækkar í einn, sbr. málin hér að framan

Brostnar forsendur

félagaréttur – aðlögun að breyttum aðstæðum

- Skv. lögum um sameignarfélög geta félagsmenn verið allir lögráða einstaklingar og lögaðilar
- Hjónum er því **ekki** bannað að stofna sameignarfélag. **Félag í eigu þeirra má hins vegar ekki vera sjálfstæður skattaðili**
- Fólk í óvígðri sambúð býr ekki við sömu takmarkanir að þessu leyti. Vandamál hjá slíkum aðilum koma því fyrst upp ákveði hlutaðeigandi aðilar að ganga í hjónaband
- **Sp er aðeins hvort þetta gerist strax eins og í Gullfoss-málinu eða menn hafi einhvern tíma upp á að hlaupa**

Breyta lög um sameignarfélög einhverju?

- Í 37. gr. SFL er rætt um félagsslit þegar aðeins einn félagsmaður er eftir í félagi og segir þar:
 - Verði félagsmenn í **óskráðu** sameignarfélagi færri en tveir telst félaginu **ÞEGAR** slitið
 - Hafi félagsmenn í **skráðu** sameignarfélagi verið færri en tveir í **SEX MÁNUÐI** telst félaginu slitið. Skál sýslumaður þá afskrá félagið
- GETUR þetta ákvæði hugsanlega framlengt skatthæfi félagsins við þær aðstæður sem ræddi um hér að framan. **AÐEINS FRAMTÍÐIN GETUR VITAÐ ÞAÐ**

Kemur frá SVERIGE

- **28 § Ett handelsbolag i vilket antalet bolagsmän har gått ned till en skall, när detta förhållande har bestått under sex månader, anses ha trätt i likvidation, om så ej skett tidigare.**

Skattlagning við slit ...

- Við slit fer fram skuldauppgjör félags. Eignum að frádregnum skuldum er síðan úthlutað til þátttakenda
- Skattlagning félags og þátttakenda er með venjubundnum hætti
- Þátttakendur þurfa **ekki** að greiða skatt af úthlutun sinni. Gildir einu þótt verðmæti hennar sé meira en stofnfjárframlag þeirra
- Úttekt á vörum og fyrnanlegum eignum geta þó hugsanlega framkallað úttektarskattlagningu hjá félaginu. MUNA 3. mgr. 8. gr. VSL

Sala á eignarhlutdeild, sbr. 19. gr. TSL

V
A
L

- Hagnaður af sölu eignarhlutdeildar sameignarfélögum telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign
- Hagnaður af sölu eignarhlutdeildar telst mismunur á söluverði hans annars vegar og kaupverði hins vegar.
- Kaupverð eignarhluta í hendi seljanda ákveðst **sem hlutdeild hans í eigin fé félagsins í byrjun þess árs sem salan fer fram á eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra**
- Þó skal kaupverð eignarhlutdeildar í sameignarfélögum sem seljandi hefur eignast fyrir árslok 2001 ákvarðast sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun árs 2001 eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 2001
- **TIL EIGIN FJÁR Í ÞESSU SAMBANDI TELST FRAMTALSSKYLD HREIN EIGN FÉLAGSINS AÐ MEÐTÖLDU STOFNFÉ**

Skipting sf./slf.

- Aðeins er unnt að skipta sameignar félagi sem **ekki** er sjálfstæður skattaðili
- Sé slíku félagi skipt er þó ekki víst að hægt sé að yfirfæra til þátttakendanna tap sem félagið hafði orðið fyrir í rekstri
- Þegar sameignarfélagi hefur verið skipt má umbreyta því í ehf. samkvæmt 56. gr. TSL
- Slík félög má svo sameina með venjulegum hætti

Sameining, sbr. 53. gr. TSL

- Hægt er að sameina tvö eða fleiri sf. og slf.
- Einnig má umbreyta sf. og slf. í hl. eða ehf.
- Þetta hf. eða ehf. þarf ekki að vera **nýtt félag**
- Sameining sf. og umbreyting sf. í ehf. takmarkast við **sjálfstæða skattaðila**
- Þetta byggist á sögulegum ástæðum

Hvernig ber að sameina?

- Eignum og skuldum er rennt inn í yfirtökufélagið samkvæmt samlegðar- aðferðinni
- Eigið fé sf. eða slf. verður hlutafé í hf. eða ehf.
- Þegar sf./slf. Hefur verið sameinað öðru félagi má ekki gleyma að slíta því

SPURNINGAR

Skattlagning samvinnufélaga

Fræðsluefni fyrir þig

Efnisyfirlit

1. Skattskylda
2. Hvað er samvinnufélag
3. Helstu kostir og gallar formsins
4. Upphaf skattskyldu
5. A- og B-deild stofnsjóðs
6. Skattskyldar tekjur
7. Tekjur undanþegnar skatti
8. Sérþækt endurmat
9. Skattlagning félagsmanna
10. Lok skattskyldu

2. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSL

Skattskylda lögaðila

- Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, **hvar sem þeirra er aflað**, hvílir á eftirtöldum lögaðilum sem **heimilis fastir** eru hér á landi:
2. Gagnkvæmum váttryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum, öðrum samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum

Gagnkvæm váttryggingar- og ábyrgðarfélög

- Með gagnkvæmum váttryggingar- og ábyrgðarfélögum er átt við félagsskap manna og eða fyrirtækja þar sem félagsmenn sammælast um að skipta tjóni niður á alla skv. fyrirframákveðnum skiptilykli
- Í raun er því um að ræða eins konar samábyrgð á tjóni. Ekki er kunnugt um nein slík félög hér á landi í dag

Lög nr. 22/1991 um samvinnufélög

- Samvinnufélög eru félög sem stofnuð eru á samvinnu-
grundvelli með því markmiði að efla hag félagsmanna
eftir viðskiptalegri þátttöku þeirra í félagsstarfinu
- Starfssvið samvinnufélags getur verið svo sem hér
segir:
 1. Að útvega félagsmönnum og öðrum vörur og hvers konar
þjónustu til eigin þarfa → Kaupfélög
 2. Að vinna og selja afurðir sem félagsmenn framleiða í eigin
atvinnurekstri → Mjólkurbú, sláturfélög
 3. Að annast starfsemi er miðar á annan hátt að því að efla hag
félagsmanna → Sölufélag garðyrkjumanna

Helstu auðkenni samvinnufélaga

Stofnfé er ekki fastákveðin fjárhæð

Við inngöngu í svf. greiða Félagsmenn aðildargjald

Þetta aðildargjald er grundvöllur A-deildar stofnsjóðs

- Í samvinnufélögum er félagatalan óbundin, stofnfé er ekki fastákveðin fjárhæð, félagsmenn og aðrir félagsaðilar bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins og skipulag og starfsemi félagsins fer eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög

Hverjir eiga samvinnufélag?

- Ef þið kíkið á tekjuskattslögin og reynið að finna ákvæði um skattlagningu hagnaðar af sölu eignarhluta í samvinnufélagi mun það ekki takast
- Ekkert slíkt ákvæði er nefnilega til og helgast það af því að almennir félagsmenn öðlast ekki **eignarhlut** í samvinnufélagi, sem slíku, við inngönguna, **heldur fyrst og fremst í ákveðnum sjóði, stofnsjóði**
- Fyrir vikið er eigendavitund félagsmanna í samvinnufélagi mjög veik

Hvað eignast maður?

- Stofnframlagið eða aðildargjaldið er fært þér til séreignar. Við það bætist svo – ef hagnaður er af starfseminni - verðbætur og vextir svo og hlutdeild í hagnaði eftir viðskiptaveltu
- Þú öðlast semsé aldrei hlutdeild í eigin fé félagsins sem slíku nema félagið hætti rekstri og þátttakendurnir ákveða að slíta því

Samvinnufélagsformið

gallar og kostir

- **Gallar → aukast eftir aldri**
 - Óskýrt eignarhald. Stofnendur flytja brott af félagssvæði, hætta framleiðslu, andast
 - Fyrir vikið minnkar eigendavitundin smám saman. Það sem þú átt ekki hirðir þú ekki um
- **Kostir → hagkvæmni stærðarinnar**
 - Takmarkaðar hömlur á félagsaðild. Allir sem vilja geta yfirleitt orðið félagar
 - Hvílir á félagslegum grundvelli. Skylt hugsjónarfélagi
- Samvinnufélög eru mun færri en hf. og ehf. - í raun er þetta deyjandi félagsform. Skv. upplýsingum fyrirtækja-skrár dags. 1. febr. 2016 er fjöldi þeirra 35 í dag
- Undanfarin ár hafa þó verið gerðar tilraunir til að blása nýju lífi í samvinnufélagsformið

Endurskoðun samvinnufélagslaga

- Hlutfélagsformið hefur ákveðið forskot gagnvart samvinnufélagsforminu – þar er gróðahyggjan í fyrirrúmi
- Hlutabréf geta líka gengið kaupum og sölum – gangi allt eftir verða menn því að jafnaði ríkari fyrr
- Endurskoðun á samvinnufélagslögum hefur því gengið út á það að innleiða ákveðna þætti hlutfélagalöggjafarinnar í samvinnufélagslögin
- Fyrsta skrefið í þessa átt fólst í stofnun B-deildar stofnsjóðs með sölu á eignarhlutum – öflun nýs fjármagns með hækkun hlutafjár. **Því miður gekk þetta ekki eftir – tilraunin var því andvana fædd**

Áframhaldandi endurskoðun

- Einnig var búinn til farvegur til að umbreyta samvinnufélagi í hlutafélag → Ekki mikið notað í framkvæmd
- Fleiri hafa hins vegar nýtt sér möguleika til að skipta út hluta af starfsemi sinni, sbr. 6. málsl. 1. mgr. 52. gr. TSL
 - „... en taki **hlutafélag** við eignum og skuldum frá samvinnufélag-inu skulu **allir hlutir í hlutafélaginu** vera í eigu hins skipta félags.“ Það er upphaflega samvinnufélagsins.
- **LÓÐRÉTT SKIPTING**
- Þýðingarmest er þó vafalaust heimildin til að endurmeta (hækka) stofnfé og svo lækkun þess með útgreiðslu til félagsmanna → Eflir eigendameðvitundina en þó aðeins í stuttan tíma
 - En hvernig er þetta framkvæmt. **Er gætt jafnréttis/réttlætis.** Sjá nánar hér á eftir

Sértækt endurmat

samvinnufélagslög og skattalög

A

Félagið
hækkar A-
deildina með
sértæku
endur mati

- Samvinnufélagi er heimilt að endurmeta séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs þess fyrir árslok 2004. **Endurmat þetta skal byggt á verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1996, samkvæmt lögum um ársreikninga, að teknu tilliti til opinberra gjalda,** sem tengd eru því ári, og varasjóðs eða fjárfestingarsjóðs sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum og ekki verið leystur upp og tekjufærður fyrir þann tíma. Ákvæði 7. mgr. 61. gr. SAM gildir um innbyrðis skiptingu félagsmanna

B

Félagsmenn-
irnir eru skatt
frjálsir, sbr. 2.
mgr. 11. gr.
TSL

- Til arðs telst ekki hækkun séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs samvinnufélaga eða samvinnuhlutabréf sem félagsaðilum eru afhent við slíka hækkun séreignarhluta í samvinnufélagi samkvæmt lögum um samvinnufélög

Helstu gerðir samvinnufélaga

Hver man eftir KRON, Miklagarði, KEA

- Gagnkvæm vátrygginga og ábyrgðarfélög?
 - Félagsskapur manna/fyrirtækja sem felst í samábyrgð á tjóni. Verði tjón ber því að jafna því hlutfallslega niður á alla þar með talið þann sem fyrir tjóni verður. Allir greiða semsé jafnt
- Kaupfélög, innkaupa- eða pöntunarfélög. Verslunarfélög → Félagsmenn aðallega einstaklingar
- Vinnslu- og sölufélög. Framleiðslufélög. → Félagsmenn aðallega atvinnurekendur
- Samvinnusamband – Samband ísl. samvinnufélaga. → Félag samvinnufélaga - SÍS

Upphaf skattskyldu miðast við þann dag sem félag er stofnað

- Skattskyldan er þó háð eftirfarandi skráningu. Um skráningu samvinnufélaga er fjallað í 9.-11. gr. laga um samvinnufélög
- Samkvæmt lögum um samvinnufélög getur samvinnufélag fyrst öðlast réttindi á hendur öðrum aðilum með samningi og aðrir á hendur því þegar það hefur verið skrásett
- Skrá ber samvinnufélag **innan mánaðar** frá því að félag er stofnað og skal stjórn tilkynna það til skráningar. Ríkisskattstjóri annast skráningu samvinnufélaga og starfrækir hann samvinnufélagaskrá í því skyni

Framlagsfé

- Greiðsla framlagsfjár – færist á stofnsjóð
 - Í hf. og ehf. er lágmarkshlutfé. Svo er **ekki** þegar samvinnufélög eiga í hlut
 - Hins vegar ber að greiða aðildargjald en það er almennt tiltölulega lágt
- Skipta má stofnsjóði í tvær deildir, A og B
 - A-deild - almennir félagsmenn, félagsgjald, skyldubundin deild
 - B-deild - hluthafar, kaup og sala á eignarhlutum, valkvæð deild

Um stofnsjóð, sjá 37. gr. SAM

Hagnaður er semsé ekki endilega greiddur út

- Stofnsjóður samvinnufélags er myndaður af séreignarhlutum félagsaðila. Í hann skal leggja aðildargjald félagsaðila, sbr. 8. tölul. 5. gr.
- Í stofnsjóð skal enn fremur leggja þann hluta hagnaðar, sem aðalfundur ákveður, eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og fé lagt í sjóði félagsins samkvæmt lögum eða félagssamþykktum
- Með ákvæðum í samþykktum samvinnufélags má nefna stofnsjóð samkvæmt framanskráðu A-deild stofnsjóðs **og jafnframt mynda sérstaka B-deild** með sölu hluta samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla. **Einungis félagsaðilar geta átt séreignarhluta í A-deild stofnsjóðs, en í B-deild þeir, sem keypt hafa hlutina og fengið í hendur samvinnuhlutabréf í samræmi við það**
- **Með þeim fyrirvara, sem um getur í 40. og 41. gr., skal árlega vaxtareikna og verðbæta séreignarhluta félagsmanna í óskiptum stofnsjóði eða A-deild hans.** Að jafnaði skal hafa til viðmiðunar **almenna sparisjóðsvexti og verðbætur í samræmi við almennar verðbreytingar í þjóðfélaginu og bætast vextir og verðbætur við höfuðstól séreignarhlutana**

Yfirlit yfir tekjur

samvinnufélags

- Eru þetta raunverulegar tekjur – Já, án vafa
 - Tekjur af viðskiptum við utanfélagsmenn
 - Tekjur af fasteignum og lausafé eins og leiga
 - Tekjur af stofnfé svo sem vextir og arður
- Hvað með þessar tekjur - Já en ...
 - Tekjur af viðskiptum við félagsmenn
 - Tekjur af öðrum samvinnufélögum
 - Tekjur af innlánsfé – innlánsdeildir
- Kannski ekki í raun – Umdeilt í árdaga

Innandeildarviðskipti

- Innkaupaverð vöru hjá kaupfélagi er 100 kr. Kostnaður við innflutning og dreifingu vörunnar er 20 kr. Útsöluverð vörunnar til félagsmanns er því 120 kr.
- Í árdaga var deilt um það hvort þessar 20 kr. væru tekjur
- Samvinnufélagsmennirnir héldu því fram að þetta væri ekki tekjur heldur kostnaður sem að vissu leyti var rétt. Hins vegar stenst það ekki reikningshaldslega skoðun
- Eigi að síður leiddi þetta til lögfestingar á sérstakri frá-dráttarreglu sem í daglegu tali er kölluð **priðjungs-reglan**

Uppgjör tekjuskattsstofns

- Heildartekjur – heildargjöld, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 61. gr. TSL
 - Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.
- Tekjur undanþegnar skatti
 1. Tekjur af viðskiptum við félagsmenn
 - ÞRIÐJUNGSREGLAN, sbr. 10. tölul. 31. gr. TSL. Endurspeglar samkomulag um hvaða tekjur tilheyra samvinnufélagi
 2. Vextir af stofnfé – Þetta er álitamál
 - Berið saman 3. tölul. 49. gr. TSL og 3. tölul. 50. gr. TSL
 3. Fenginn arður/hagnaður af hlutabréfum í öðrum félögum, sjá 9. tölul. 31. gr. TSL. Sama regla og hjá hf., ehf.
 4. Arður af eigin hlutum, sbr. 3. mgr. 11. gr. TSL. Sama regla og hjá hf., ehf.

Þriðjungsreglan, sbr. 10. tölul. 31. gr. TSL

Kemur í veg fyrir tvísköttun

- Frá tekjum **lögaðila** og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:
- Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr., 1) greiða félagsaðilum sínum í árslok eða 2) færa þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu samkvæmt lögum um samvinnufélög
 - Sjá 5. og 6. tölul. C-liðar 7. gr. TSL - Ekki vextir, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. TSL. Ath.
- Hafi **félög þessi** viðskipti við **AÐRA EN FÉLAGSAÐILA SÍNA** er sá hluti hreinna tekna, sem svarar hlutfalli viðskipta utanfélagsaðila af heildarviðskiptum, skattskyldur hjá félögunum → **STAÐFESTING Á MEGINREGLUNNI**
- Félögum þessum er þó jafnan heimilt að draga frá skattskyldum tekjum arð af viðskiptum **VIÐ FÉLAGSAÐILA** sína á rekstrarárinu er nemi allt að 2/3 hlutum hreinna tekna, **ENDA SÉ SÚ FJÁRHÆÐ GREIDD FÉLAGSAÐILUM EÐA FÆRÐ ÞEIM TIL SÉREIGNAR Í STOFNSJÓÐI Í HLUTFALLI VIÐ VIÐSKIPTI ÞEIRRA Á ÁRINU → ÞRIÐJUNGS-REGLAN**
- **SLÍKUR ARÐUR SKAL ÞÓ ALDREI NEMA MEIRU EN 7% AF VIÐSKIPTUM FÉLAGSAÐILA**

Vextir af stofnsjóði

hvað segir um þetta í bókinni SKATTUR Á FYRIR ...

- 49. gr. Til gjalda sem vextir, afföll og gengistöp af skuldum, sbr. 1. tölul. 31. gr., teljast:
 - 3. Vextir af stofnsjóðsinnstæðum í félögum sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. – **Hvaða vextir eru þetta, sjá 2. tölul. 1. mgr. 8. gr.**
TSL: Vextir af stofnsjóðseign (framlagsfé) í félögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.
- 50. gr. Til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt **er ekki heimilt að telja:**
 - 3. Að eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. og 2. mgr. 2. gr.

Samstæðuskattlagning

- Heimilt er að skattleggja tvö eða fleiri samvinnufélög saman. Sjá 5. mgr. 55. gr. TSL er hljóðar SVO:
 - Nú er dótturfélag í eigu samvinnufélags eða sparisjóðs og gilda þá ákvæði þessarar greinar, það er 55. gr. TSL enda sé skilyrðum hennar fullnægt
- Þessi heimild einskorðast við tvö eða fleiri svf. Ekki er því unnt að skattleggja svf.og hf. sem er í fullri eign svf. saman

Lok skattskyldu hjá samvinnufélagi, formleg slit

- Frjáls skuldaskil (skilanefnd, kröfulýsing) svo og
- Sameining tveggja eða fleiri samvinnufélaga, sbr. 51. gr. TSL. SAMEIGNIN MEÐ YFIRTÖKU
- Skipting samvinnufélags í tvö eða fleiri samvinnufélög, sjá 52. gr. TSL
- Umbreyting samvinnufélags í hlutafélag, sbr. 52. gr. TSL
- **Lóðrétt-Úrskipting**; hluti af samvinnufélagi gerður að ehf., sbr. 52. gr. TSL. Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar → Skipti út útgerðarpartinum. Viðtökufélagið er ehf.

Lok skattskyldu hjá samvinnufélagi

Óformleg slit

- Þvinguð skuldaskil
 - Gjaldprotaskipti. Undir þessum kringumstæðum er nauðsynlegt að stofna nýtt vsk. númer

Félagsmenn

- Félagsmenn í samvinnufélagi geta bæði verið einstaklingar og lögaðilar
- Við stofnun/inngöngu greiða félagsmenn aðildargjald
- Aðildargjald félagsmanna er fært honum til séreignar í stofnsjóði
- Við stofnsjóðinn, **séreignina**, bætist svo hlutdeild félagsmanns í hagnaði félagsins
 - vextir og fé eftir viðskiptaveltu (umfangi viðskipta)

Ákvörðun úthlutunar, sjá 41. gr. SAM

- **Aðalfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun arðs til stofnsjóðs félagsins.** Þar sem um er að ræða B-deild stofnsjóðs skal skipta arði milli deilda stofnsjóðs samkvæmt ákvæðum samþykktu og ákvörðun aðalfundar
- **Einungis er heimilt að úthluta, sem arði, hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Aðalfundur getur ekki ákveðið hærri greiðslur í stofnsjóð en stjórn félagsins hefur lagt til eða samþykkið, sbr. þó 2. mgr.**
- Eigendur B-deildar stofnsjóðs, sem samtals eiga minnst tíunda hluta sjóðsins, eiga á aðalfundi kröfu til þess að fundurinn taki ákvörðun um að úthluta sem arði til eigenda B-deildar stofnsjóðs fjárhæð er nemur allt að helmingi þess sem eftir stendur af árs-hagnaði félagsins þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs geta þó eigi krafist hærri greiðslu með þessu móti en sem nemur 10% af nafnverði hluta í B-deild, nema þeim sé veittur frekari forgangsréttur í samþykktum félagsins
- Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs geta einnig með sama hætti krafist útgáfu jöfnunarhluta ef skilyrði til þess eru fyrir hendi samkvæmt ákvæðum 51. gr

Útborgun arðs/afraksturs

Enn ein samræmingin

- Hér áður fyrr greiddu samvinnufélög almennt ekki út arð nema við úrgöngu úr félaginu
- Þannig var yfirleitt látið nægja að færa hann félagsmanni til séreignar í stofnsjóði
- Þessu hefur nú verið breytt. Skv. 41. gr. SAM getur **Aðalfundur ákveðið að greiða félagsmönnum út arð með peningum eða öðrum verðmætum í stað þess að leggja hann í stofnsjóð**
- Gjaldtagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákörðun um úthlutun hans er tekin

Ráðstöfun tekjuafgangs

VIII. kafli. Ráðstöfun tekjuafgangs. 53. gr.

Hér gildir 2. mgr. 11. gr. TSL ekki

Ath. 5. og 6. tölul. C-liðar 7. gr. TSL

- Óheimilt er að úthluta af fjármunum félagsins til félagsmanna eða annarra á annan hátt en segir í lögum þessum
 - Samvinnufélag skal ráðstafa hagnaði samkvæmt ársreikningi liðins árs eins og hann er skilgreindur í ákvæðum 41. gr.
 - Í samþykktum félagsins **má heimila úthlutun tekjuafgangs til félagsmanna í hlutfalli við viðskipti þeirra**, að svo miklu leyti sem söluverð til félagsmanna hefur verið ofan við kostnaðarverð eða útborgað verð fyrir framleiðsluvörur eða þjónustu félagsmanna hefur reynst neðan við endanlegt fullnaðarverð
- Sbr. vaxtareikningurinn hér að framan
- **Þó skal ávallt tekið tillit til sanngjarnra greiðslna í stofnsjóð félagsins.** Með sömu skilyrðum og að framan greinir er framleiðslusamvinnufélagi heimilt að ráðstafa tekjuafgangi til félagsmanna í samræmi við vinnuframlag hvers og eins. Setja skal nánari ákvæði um slíka ráðstöfun í samþykktir félagsins

Tekjur félagsmanna, skattlagning

- Í samvinnufélagi geta verið tvenns konar félagsmenn
 - Almennir félagsmenn → A-deild stofnsjóðs. Þessir aðilar öðlast ekki eignarhluti í félagi með beinum hætti
 - Hluthafar → B-deild stofnsjóðs. Eiga eignarhluti í **stofnsjóði**, ekki eigin fé, sem geta gengið kaupum og sölum
- Ráðstöfun hagnaðar. Tekjur félagsmanna geta verið
 1. Vextir, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr., sbr. 2. tölu. 1. mgr. 8. gr. TSL og 7. tölul. 2. mgr. 8. gr. TSL
 - ✓ Fjármagnstekjur eða atvinnurekstrartekjur. Ræðst af móttakanda
 2. Fé, sbr. 5. tölul. C-liðar 7. gr. TSL
 - ✓ Fjármagnstekjur eða atvinnurekstrartekjur. Ræðst af móttakanda
 3. Fé, sbr. 6. tölul. C-liðar 7. gr. TSL
 - ✓ Atvinnurekstrartekjur. Tekjurnar upprunar í atvinnurekstri
 4. Arður af hlutafé, 4. tölul. C-liðar 7. gr. sbr. 11. gr. TSL
 - ✓ Fjármagnstekjur eða atvinnurekstrartekjur. Ræðst af móttakanda

Vextir, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr. TSL

Þetta eru umfram allt einstaklingstekjur

- 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.
- 7. tölul. 2. mgr. 8. gr. TSL er hljóðar svo:
 - Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar eða ráðstöfunar
 - ÞESSIR VEXTIR ÞURFA ÞVÍ EKKI AÐ VERA GREIDDIR

Viðskiptatengdar tekjur

- 5. töluliður C-liðar 7. gr. TSL
 - Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. færa félagsaðilum sínum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra
 - Fjármagnstekjur eða atvinnurekstrartekjur
- 6. töluliður C-liðar 7. gr. TSL
 - Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum vegna viðskipta þeirra, enda séu þessi viðskipti í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi félagsaðilans eða sé varið til fjárfestingar í eignum sem notaðar eru í atvinnurekstri
 - Atvinnurekstrartekjur

Almennt endurmat A-deildar stofnsjóðs

Tekjur undanþegnar skatti

Hliðstætt og hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa

- Fé fært úr varasjóði og öðrum sjóðum í A-deild stofnsjóðs, sbr. 4. mgr. 38. gr. SAM er hljóðar svo:
 - Samvinnufélögum er með ákvörðun félagsfundar heimilt að **hækka** séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs félagsins á þann hátt að **yfirfæra fjárhæðir, sem eftir standa**, þegar félagið hefur ráðstafað hagnaði í samræmi við ákvæði 54. gr., um tillög í varasjóði og aðra sjóði samkvæmt samþykktum félagsins
 - Hækkun á séreignarhlutum félagsmanna **telst til A-deildar** en einnig er heimilt að ákveða í samþykktum að hækkun á séreignarhlutum skuli **afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins.** Við hækkun á séreignarhlutum A- og B-deildar skal gætt ákvæða um fjárhæð varasjóðs

Sértækt endurmat

Hækkunin er skattfrjáls

S
A
M

- Samvinnufélagi er heimilt að endurmeta séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs þess fyrir árslok 2004. Endurmat þetta skal byggt á verðmæti [hreinnar eignar](#) félags í árslok 1996, [samkvæmt lögum um ársreikninga](#), að teknu tilliti til opinberra gjalda, sem tengd eru því ári, og varasjóðs eða fjárfestingarsjóðs sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum og ekki verið leystur upp og tekjufærður fyrir þann tíma

T
S
L

- Kaupverð hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs samvinnufélags sem skattaðili hefur eignast við sértækt endurmat A-deildar stofnsjóðs samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum um samvinnufélög [skal ákvarðast jafnt fjárhæð hækkunar séreignarsjóðshluta A-deildar yfirfærðs stofnsjóðs, sbr. 2. mgr. 18. gr. TSL](#)

Skattlagning hækkunar, sbr. 1. mgr. 11. gr. TSL

- A- deild: Almennir félagsmenn – hækkun ekki greidd út
 - Til arðs telst ekki **hækkun séreignarhluta félagsaðila** í A-deild stofnsjóðs samvinnufélaga eða samvinnuhlutabréf, sem félagsaðilum eru afhent, við slíka hækkun séreignarhluta í samvinnufélagi samkvæmt lögum um samvinnufélög
- B-deild: Eigendur hlutabréfa - hækkun greidd út/afhent
 - Til arðs telst ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa samkvæmt lögum um samvinnufélög sem ekki hafa í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa
 - Þessi jöfnunarhlutabréf hafa verð. Úthlutunarverðmæti þeirra bætist því við kaupverð þeirra hlutabréfa sem hluthafi á fyrir

Lækkun stofnsjóðs, sjá 52. gr. SAM fyrst hækkun og svo lækkun

- Félagsfundur getur samkvæmt tillögu stjórnar ákveðið með 2/3 hlutum greiddra atkvæða að lækka A-deild og/eða B-deild stofnsjóðs félagsins
- Í fundarboði fyrir félagsfund eða fund hluthafa í B-deild skal m.a. greina frá ástæðum lækkunarinnar og hvernig hún á að fara fram
- Í ákvörðuninni skal taka fram þá fjárhæð, sem lækka skal stofnsjóðinn um, ásamt upplýsingum um hvernig skuli ráðstafa lækkunarfénu en því má ráðstafa þannig:
 1. Til jöfnunar taps sem verður ekki jafnað á annan hátt. Eigi má þó lækka B-deild stofnsjóðs til jöfnunar taps fyrr en A-deild stofnsjóðs er tæmd.
 2. Til greiðslu til félagsmanna. – ATH. HVERNIG ÞETTA SKATTLEGGST
 3. Til greiðslu til hluthafa í B-deild stofnsjóðs. – ATH. HVERNIG ÞETTA SKATTLEGGST
 4. Til afskriftar á greiðsluskyldu í stofnsjóði félagsins

Tekjur undanþegnar skatti

Sértækt endurmat A-deild stofnsjóðs

- Hækkun stofnsjóðs - sértækt endurmat
 - Bráðabirðgaákvæði II. SAM. Samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að endurmeta (hækka) stofnsjóð og greiða hækkunina út til félagsmanna
- Skattlagning sértæks endurmats, sjá 2. mgr. 18. gr. TSL
 - Kaupverð hlutabréfa í B-deild stofnsjóðs samvinnufélags sem skattaðili hefur eignast við sértækt endurmat A-deildar stofnsjóðs samkvæmt bráðabirðgaákvæði í lögum um samvinnufélög **skal ákvarðast jafnt fjárhæð hækkunar séreignarsjóðs-hluta A-deildar yfirfærðs stofnsjóðs. HÆKKUNIN ER ÞVÍ UNÐANÞEGIN SKATTI**
- Hvernig horfir þetta við gagnvart A-deildinni?
 - Sp. hvort ekki vanti ákvæði

Rifja upp Vatnsvirkjamálið

Sértækt endurmat

- Samvinnufélagi er heimilt að endurmeta séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs þess fyrir árslok 2004. **Endurmat þetta skal byggt á verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1996, samkvæmt lögum um ársreikninga**, að teknu tilliti til opinberra gjalda, sem tengd eru því ári, og varasjóðs eða fjárfestingarsjóðs sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum og ekki verið leystur upp og tekjufærður fyrir þann tíma. Ákvæði 7. mgr. 61. gr. gildir um innbyrðis skiptingu félagsmanna.
- Ákvæði 4.–6. mgr. 38. gr. gilda um ákvörðun samkvæmt þessari grein
- **Oralagið: „Endurmat þetta skal byggt á verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1996, samkvæmt lögum um ársreikninga, ...“** gegnir vafalaust því hlutverki að forðast sams konar ágreining og kom upp í máli félags Vatnsvirkja þar sem deilt var um það hvort skattskilin eða reikningsskilin ættu að ráða endurmatinu. Að öðru leyti er samkvæmd endurmatsins hið sama

Eignarréttur að samvinnufélagi

- Félagar í A-deild greiða aðildargjald við stofnun/inngöngu. Þetta aðildargjald er fært á séreignarreikning þeirra. Í sjálfu sér er ekki ágreiningur um að þátttakendur (félagar í A-deild) í samvinnufélagi eigi félagið
 - Svo er að minnsta kosti í byrjun. Eftir því sem tíminn líður máist eignarhaldið þó smám saman út
- Þar sem greiðsla aðildargjalds myndar ekki eign er eðlilega ekkert til að selja eða kaupa
 - Í lögum um tekjuskatt er t.d. hvergi fjallað um uppgjör hagnaðar af sölu eignarhluta í A-deild samvinnufélöga. Sjá nánar 17. gr. SAM en þar segir:
 - **Félagsréttindi eru ekki framseljanleg og erfast ekki. Hlutdeild félagsaðila í óskiptum stofnsjóði eða A-deild stofnsjóðs samvinnufélags er ekki framseljanleg og hún stendur ekki til fullnustu fjárkröfum skuldheimtumanna hans**
- FÉLAGAR Í A-DEILD GETA Á HINN BÓGINN ÁTT RÉTT Á ENDURGREIÐSLU AÐILDARGJALDSINS VIÐ ÁKVEÐNAR AÐSTÆÐUR

B-deild

- Félagar í B-deild eru strangt tiltekið ekki félagsmenn í samvinnu-félagi. Þetta sést best á því að þeir hafa ekki atkvæðisrétt á félagsfundum o.s.frv., sbr. 42. gr. SAM er hljóðar svo
 - **Eignarhluta í B-deild stofnsjóðs fylgir ekki atkvæðisréttur í félaginu.**
 - Eigendur B-deildar hafa þó neitunarvald í ákveðnum málum, sjá nánar Skatt á fyrirtæki
- B-deild stofnsjóðs tilheyrir þeim sem eiga eignarhluti í honum. Aðrir en eigendur þeirra eiga þar af leiðandi ekki rétt á hlutdeild úr sjóðnum
- Sjóðurinn skiptist í eignarhluti og geta þeir gengið kaupum og sölum sem hlutabréf í B-deild stofnsjóðs, sbr. 18. gr. TSL, sbr. 124. gr. TSL

Endurgreiðsla A-deildar

Sérstök skilyrði

- Félagsmenn í A deild stofnsjóðs geta krafist endurgreiðslu á aðildargjaldi sínu ásamt vöxtum ef þeir
 - Flytja brott af því svæði (starfssvæði) er félag starfar á
 - Ná 70 ára aldri. Heimilt er þó að víkja frá þessu í félagssamþykktum. Vegna heimilda samvinnu félags til endur mats/lækkunar á stofnsjóði er sjálfgefið að menn reyni að vera í félagsmenn sem lengst
 - Við starfslok eða ándlát. Félag um starfsemi manns er lagt niður eða er slitið
- Lækkun stofnsjóðs með út greiðslu til félagsmanna, sbr. það sem sagði hér að framan

Mál nr. 340/2006.

- S stundaði mjólkurbúskap frá 1983 til 2001 og var félagsmaður í samvinnufélaginu M. Um svipað leyti og S hætti mjólkurframleiðslu var lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög breytt þannig að samvinnufélögum var heimilt að **endurmeta séreignarhluti félagsaðila innan ákveðins tíma**
- Á aðalfundi M í mars 2002 var 11. gr. samþykkt félagsins, þar sem fjallað var um séreignarsjóð innan þess, breytt þannig að kveðið var á um að greiða skyldi þeim sem hætti framleiðslu hlutdeild hans í sjóðnum eigi síðar en 1. júlí á því ári sem á eftir færi. Jafnframt var samþykkt að fella á brott ákvæði um að inneign í séreignarsjóði félli til M tíu árum eftir að félagsaðild lyki, hefði greiðslu ekki verið krafist. Loks var samþykkt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að eigi síðar en 1. júlí 2002 skuli greiða þeim sem hætt hefði framleiðslu á árinu 2001 eða fyrr að fullu hlutdeild hans í sjóðnum
- M sendi S í júní 2002 bréf með tékka sem svaraði til inneignar hans í séreignarsjóðnum í árslok 2001. S endursendi tékkann og taldi sér óskyldt að sæta því að inneign hans yrði greidd út, meðal annars vegna þess að framangreind breyting á samþykktum M hefði ekki verið tilkynnt til samvinnufélagsskrár. S hafnaði jafnframt viðtöku greiðslu í kjölfar bréfs M í ágúst 2002 og var ekki gerður reki að því að greiða honum féð fyrr en með geymslugreiðslu í ágúst 2006
- Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að samkvæmt 2. mgr. 70. gr. laga nr. 22/1991 öðlist breyting á samþykktum samvinnufélags ekki gildi fyrr en hún hafi verið tilkynnt til samvinnufélagsskrár og skráð þar. Þegar M sendi S andvirði inneignar hans í séreignarsjóðnum hafði breytingin ekki öðlast gildi og stóð því ekki heimild til þessarar ráðstöfunar gegn vilja S
- Var talið að S hefði með réttu mátt neita að taka við greiðslunni og endursenda hana, en eftir það hefði hann ekkert gert sem skýra mætti sem samþykki við umræddri ráðstöfun og því áfram átt inneign sína í séreignarsjóði félagsins. Vísað var til þess að í tillögu aðalfundar M um framkvæmd sértæks endurmats segði meðal annars að „fjárhæðin deilist á séreignarsjóðseigendur“ og hafi hún því tekið til S sem annarra, sem áttu inneign á slíkum reikningum. Þegar af þeirri ástæðu var fallist á aðalkröfu S

Mál nr. 129/2008

- H stundaði mjólkurbúskap til 1999 og var félagsaðili í samvinnufélaginu M, sem síðar varð samvinnufélagið A, og lagði þar inn framleiðslu sína. Með breytingum á samþykktum M í nóvember 1994 varð til innan samvinnufélagsins séreignarsjóður, sem hver félagsmaður skyldi eiga sinn hlut í, en til sjóðsins skyldi renna tiltekið hlutfall af útborgunarverði innlagðrar mjólkur
- Séreign hvers framleiðanda skyldi falla til útborgunar þegar hann hætti mjólkurframleiðslu og bæri framleiðandanum að óska skriflega eftir útborgun á inneign sinni í sjóðnum. Þá félli inneign félagsmanns til samvinnufélagsins að 10 árum liðnum eftir að félagsaðild lyki, ef ekki hefði verið gerð krafa um greiðslu hennar. Á aðalfundi M í mars 2002 var ákvæði samþykkt félagsins, þar sem fjallað var um séreignarsjóð breytt þannig að greiða skyldi þeim sem hætti framleiðslu hlutdeild hans í sjóðnum eigi síðar en 1. júlí á því ári sem á eftir færi. Jafnframt var samþykkt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að eigi síðar en 1. júlí 2002 skyldi greiða þeim sem hætt hefði framleiðslu á árinu 2001 eða fyrr að fullu hlutdeild hans í sjóðnum
- Í kjölfar breytinganna sendi samvinnufélagið H bréf í júní 2002 ásamt tveimur tékkum sem svöruðu til inneignar hans í séreignarsjóðnum í árslok 2001. Í mars 2003 voru gerðar breytingar á samþykktum M þess efnis að félagsréttindum skyldu þeir einir halda sem framleiddu mjólk og legðu hana inn að staðaldri hjá M
- Eftir þessa breytingu og eftir að H og fleirum sem hætt höfðu mjólkurframleiðslu hafði verið greitt út úr séreignarsjóðnum, var ákveðið á aðalfundi M í mars 2004 að færa umtalsverða fjárhæð af óbundnu eigin fé M í séreignarsjóð félagsins og skyldi hún deilast niður í hlutfalli við séreignarsjóðseign um áramótin 2003 til 2004
- Í málinu krafðist H þess að viðurkennt yrði að samþykktir M í mars 2002 hefðu verið ólögmætar og væri M af þeim sökum skaðabótaskyldur gagnvart H. Fyrir Hæstarétti krafðist A aðallega ómerkingar héraðsdóms þar sem faðir héraðsdómara hefði verið félagsmaður í M á sínum tíma og fengið greidda út inneign í séreignarsjóði í framhaldi af áður nefndum breytingum á samþykktum M árið 2002. Talið var að þetta gæti engu máli skipt samkvæmt ákvæði g. liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og fyrir hæfi héraðsdómarans
- Í bréfi M til H í júní 2002 hafði komið fram að framsal tékka yrði metin sem kvittun fyrir móttöku á inneign í séreignarsjóðnum. Var talið að af bréfi M sem fylgdi tékkunum hefði H ekki getað dulist að M liti svo á að með útborgun á inneign í séreignarsjóði lyki aðild að félaginu. H hefði ekki gert neinn fyrirvara við greiðslu inneignarinnar og fólst kvittun fyrir henni í framsali tékkanna. Yrði að telja að með þessu hefði H staðfest í verki útgöngu sína úr félaginu og stöðaði ekki fyrir hann að bera fyrir sig fimm árum síðar að annmarkar hefðu verið á breytingum á samþykktum M. Var M því sýknað af kröfum H

Innlausn B-deildar stofnsjóðs

- Endurgreiðsla B-deildar stofnssjóðs með innlausn hlutabréfa → sala, eignahagnaður
 - Hluthafi. Ef samvinnufélagi er breytt í hlutafélag getur **hluthafi** krafist endurgreiðslu eignarhlutar síns
 - Samvinnufélag. Ef samvinnufélag eignast 90% eða meira í félagi getur **félagið** krafist þess að hluthafi selji sér eignarhluta sinn
- Lækkun stofnsjóðs með útgreiðslu til félagsmanna
 - Ath. hina skattalegu meðferð, sbr. 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 18. gr. TSL

Ekki meira um þetta

Takk

Dánarbú

Efnisyfirlit

1. Hvað er dánarbú
2. Upphaf og lok skattskyldu
3. Eignir og skuldir, tekjur og gjöld
4. Uppgjör tekjuskattsstofns og skattlagning
5. Yfirfærsla skattalegra réttinda og skyldna

Andlát. Dánarbú verður til

- Við andlát manns líkur skattskyldu hans sem einstaklings/maka í hjónabandi og skattskylda dánarbús hans stofnast
- Dánarbú er réttaraðili sem samanstendur af eignum og skuldum hins látna á dánardægri
- **Stofnun dánarbús er fortakslaus.** Sem slíkt gegnir það umfram allt því hlutverki að miðla eignum og skuldum hins látna til eftirlifenda
- Ef hinn látni var eigna- og skuldlaus er óþarfi að stofna sérstakt dánarbú. Ekkert dánarbú myndast því eftir slíkan mann

Sjá 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSL

- Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, hvílir á eftirtöldum lögaðilum **sem heimilisfastir eru hér á landi:**
 5. Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 4. og 5. tölul. 4. gr., **svo og dánarbúum og þrotabúum**

Hvaða dánarbú eiga heima hér

Sjá 1. gr. laga nr. 20/1991 um skipti dánarbúa o. fl.

- Eftir fyrirmælum þessara laga skal skipta **dánarbúum eftir þá menn sem áttu lögheimili eða höfðu annars fasta búsetu hér á landi á dánardægri**, nema skiptin fari fram í öðru ríki eftir reglum þjóðaréttar eða ákvæðum samnings sem íslenska ríkið hefur gert við annað ríki og hefur lagagildi hér á landi
- Ákvæði þessara laga taka einnig til skipta **eftir íslenska ríkisborgara þótt þeir hafi ekki átt lögheimili eða haft fasta búsetu hér á landi á dánardægri ef dánarbúinu verður ekki skipt í því ríki þar sem hinn látni var þá heimilisfastur**

Fasteignir

Sjá 2. mgr. 1. gr. laga nr. 14/2004

Erfðafjárskattur

- Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvort aðilar að ráðstöfuninni séu búsettir hér á landi eða erlendis

Um upphaf og lok skattskyldu

- Upphaf skattskyldu
 - Upphaf skattskyldu db. miðast við dánardægur. Næstsíðasti dagur í lifanda lífi manns er því síðasti dagur skattskyldu hans sem manns
- Lok skattskyldu - ólík tímamörk
 - einka skipti - erfingjar skipta sjálfir
 - Lok skattskyldu miðast við staðfesting sýslumanns á erfðafjárskýrslu
 - opinber skipti - opinber aðili (sýslumaður eða skiptastjóri) annast skiptin, sbr. hér á eftir
- **HLUTASKIPTI - ER ÞAÐ MÖGULEGUR KOSTUR**

Dæmi um hlutaskipti

- Hér áður fyrr var algengast að á þetta reyndi þegar hinn látni skildi eftir sig íbúð. Um skattlagningu hennar giltu nefnilega ólíkar reglur eftir því hver eigandinn er
- Þannig var salan skattskyld hjá db en undanþeginn skatti hjá erfingjunum ef hinn látni og þeir voru búnir að eiga íbúðina tvö ár eða lengur
- Ef útlit var fyrir að ekki yrði unnt að ljúka skiptum í tíma kom stundum upp álitamál hvort hægt væri að úthluta erfingjunum íbúðinni og láta þá selja í eigin nafni
- Þá hefði þurft að hlutaskipta búinu en það er ekki heimilt skv. íslenskum lögum

Afstaða skattafirvalda

- **Einka skipti**
 - Hlutaskipti ekki möguleg
 - Ákveði erfingjar að selja eign myndi hagnaður af sölunni því tilheyra dánarbúinu
- **Opinber skipti**
 - Hlutaskipti möguleg
 - Skiptastjóri getur því afhent erfingjum eign og selji þeir hana tilheyrir hagnaður af sölunni þeim

Úrskurður nr. 331/2006

Gjaldár 2005

- A lést þann 17. janúar 2004. Dánarbúi A hélt því fram að vaxtatekjum vegna sölu **húsbréfa** þann 19. febrúar 2004 bæri að skipta til skattlagningar hjá A annars vegar og dánarbúinu hins vegar þar sem A hefði eignast hin seldu húsbréf á árinu 1995. Væri því í raun um að ræða vaxtatekjur sem myndast hefðu á níu ára tímabili
- Í úrskurði yfirskattanefndar var bent á að umræddar vaxtatekjur hefðu fyrst fallið til við sölu húsbréfanna og vextir af bréfunum ekki verið greiðslukræfir fyrr en þá. Var fallist á með skattstjóra að skattleggja bæri vaxtatekjurnar að öllu leyti sem tekjur hjá dánarbúi A
- Í málinu var einnig deilt um eignfærslu skattstjóra á söluandvirði húsbréfanna í skattframtali dánarbús A árið 2005, en dánarbúið taldi að ekki bæri að telja andvirði húsbréfanna með eignarskattsstofni þess í árslok 2004 þar sem andvirði bréfanna hefði verið lagt erfingjum A út í kjölfar sölu bréfanna þann 19. febrúar 2004
- Yfirskattanefnd féllst **ekki** á þetta sjónarmið og tók fram að **útlagning einstakra eigna dánarbús til erfingja áður en skiptum væri lokið fæli ekki í sér að viðkomandi eignir væru þar með dregnar undan skiptum**
- Var fallist á það með skattstjóra að telja bæri söluandvirði húsbréfanna til skattskyldra eigna dánarbúsins gjaldárið 2005

Einkaskipti

- Lok skipta - einkaskipti - leyfi til setu ...
 - Ef eftirlifandi maki fær leyfi til setu í óskiptu búi lýkur skattskyldunni þá þegar. Í raun er litið svo á að skattskylda dánarbús hafi aldrei stofnast þegar svo stendur á
- Lok skipta - einkaskipti - skuldaskil
 - Lokin miðast við áritun sýslumanns á erfðafjárskýrslu (einkaskiptagerð)

Opinber skipti

- Lok skipta - opinber skipti
 - Arfi ekki úthlutað. **Skuldafrágöngubú** - sömu reglur og gilda um gjaldþrotabú
 - Skattskyldu lýkur við úthlutun til kröfuhafa
 - Arfi úthlutað. **Skuldaviðgöngubú**
 - Skattskyldu lýkur með áritun/staðfestingu sýslumanns á erfðafjárskýrslu
- Þar sem eignarskattur hefur verið afl-agður er vægi skiptaloka dánarbúa minna í dag en áður

Framtal á andlátsári

- Framtal til skatts - tvö skattframtöl á andlátsári
 1. Eitt fyrir hinn látna; tekjur fram **til** andlátsdags
 2. Annað fyrir db; tekjur **frá og með** andlátsdegi og eignir í árslok
 - ✓ Telja skal fram í því skattumdæmi sem hinn látni var síðast heimilisfastur í. Ekki skiptir því máli hvar skipti dánarbúsins fara fram - á ekki við í dag
 - ✓ Afmörkunarvandamál. Hvaða tekjur tilheyra hinum látna og hvaða tekjur tilheyra db. **Meginregla: Tímafærsluviðmið**
- Ath. ekki gleyma stöðu eftirlifandi maka. Hann á rétt á tvöföldum persónuafslætti í 9 mán eftir andlát skammlífari maka, sbr. 64. gr. TSL. Gerist sjálfkrafa við álagningu eins og ívilnun. Sjá 1. tölul. 65. gr. TSL

Afmörkunavandamál – nánar

Hvaða tekjur tilheyra hverjum

1. Laun, ellilífeyri → tilheyra hinum látna
2. Orlof - tilheyrir hinum látna
3. Andlátslaun → ath. hver tilgreindur er sem rétthafi
4. Styrkir, jarðafararstyrkir → tilheyra dánarbúinu
5. Leiga, vextir og arður → áfellingartími/innlausn
6. Hagnaður af sölu eigna → ath. hverjum eign tilheyrir
7. Frestaðar, dreifðar tekjur → hinn látni/db - hlutfalla
8. Tap af einstaklingsatv. → hinn látni/db - hlutfalla
9. Óvissar tekjur? → Heimfærsla ræðst af því ...

40. gr. sjómannalaga

hverjum tilheyra þessar tekjur

- Deyi skipverji á þeim tíma er hann á rétt til kaups samkvæmt 27. gr. eða 36. gr. **á eftirlifandi maki eða börn**, sem eru á framfæri hins látna eftir almennum framfærslureglum, rétt til launa fyrir **einn mánuð** umfram það sem segir í 1. og 2. mgr. enda hafi skipverjinn verið í þjónustu útgerðarmanns í síðustu sex mánuði áður en hann andaðist
- Hafi skipverji verið samfelld í starfi hjá sama útgerðarmanni í fjögur ár eða **lengur skal**, auk þess **sem fyrr segir, greiða eins mánaðar kaup sem hjá fiskimönnum miðist við kauptryggingu fyrir einn mánuð** eins og hún er á hverjum tíma en hjá farmönnum skal greiðslan vera sem nemur eins mánaðar grunnlaunum viðkomandi skipverja

Opinberir starfsmenn. Sveitarfélög. Kjarasamningar. Greiðslur til maka látins starfsmanns. Dánarbú. Skattar og gjöld. Svör stjórnvalda við erindum sem þeim berast.

(Mál nr. 9672/2018)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir því að Kópavogsbær hefði greitt konu „laun“ sem maka látins föður hans samkvæmt ákvæði kjarasamnings en skráð þau á dánarbú mannsins og gefið út launaseðla og launamiða á nafn þess látna og kennitölu. Af því leiddi m.a. að ríkisskattstjóri áætlaði tekjutengda skatta á dánarbúið. Athugun umboðsmanns beindist að þeim atriðum sem sneru að A sem bar ábyrgð á dánarbúi föður síns, einkum fyrirkomulagi greiðslnanna og samskiptum A við sveitarfélagið vegna málsins.

Umboðsmaður benti á að við andlát föður A hefði dánarbú hans tekið við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann hefði átt þá eða notið, nema annað leiddi af réttarreglum, löggerningi eða eðli réttindanna. Dánarbú látins starfsmanns gæti ekki tekið við „launum“ sem aðeins maki hans ætti rétt til samkvæmt ákvæði kjarasamnings. Skattskil vegna slíkra greiðslna væru dánarbúinu óviðkomandi, enda um að ræða tekjur makans sem teldist þá jafnframt launamaður í skilningi laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og bæri því að draga frá opinber gjöld af greiðslunni í nafni hans. Þá hefði Kópavogsbær ekki fært fram neinar þær skýringar sem réttlættu að launaseðlar hefðu verið gefnir út í nafni látins manns við þessar aðstæður eða að greiðslurnar hefðu ekki verið stílaðar beint á viðtakanda þeirra í samræmi við lög og reglur þar um. Fyrirkomulag sveitarfélagsins á greiðslunum hefði því ekki verið í samræmi við lög.

Í tilefni af samskiptum Kópavogsbæjar við A vegna málsins, og skýringum þess til umboðsmanns, taldi umboðsmaður jafnframt tilefni til að árétta að þegar stjórnvöld ættu í hlut væri mikilvægt að svör þeirra væru skýr. Slíkt væri einnig liður í að viðhalda trausti á starf viðkomandi stjórnvalds.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til Kópavogsbæjar að leitað yrði leiða til að rétta hlut A hefði hann orðið fyrir tjóni vegna fyrirkomulags greiðslnanna, kæmi fram beiðni þess efnis frá honum, og að sveitarfélagið tæki framvegis mið af þeim sjónarmiðum sem kæmu fram í álitinu.

Úrskurður nr. 192/2008

Gjaldár 2007

- A lést í mars 2006. Dánarbú A hélt því fram að söluhagnað vegna sölu hlutabréfa þann 17. júlí 2006 bæri að skattleggja hjá A, þ.e. sem tekjur A í lifanda lífi, en ekki hjá dánarbúinu. Á það var ekki fallist þar sem umræddar tekjur hefðu fyrst fallið til við sölu hlutabréfanna, þ.e. eftir að skattskyldu A lauk
- Var fallist á með skattstjóra að um væri að ræða tekjur dánarbús A. Þá var ekki talið geta haft neina þýðingu fyrir niðurstöðu málsins þótt skattstjóri hefði ekki vakið athygli dánarbúsins á skattalegum afleiðingum af sölu hlutabréfanna við yfirferð sína á erfðafjárskýrslu vegna dánarbúsins, enda beindist slík yfirferð fyrst og fremst að atriðum er vörðuðu ákvörðun erfðafjárskatts
- Vegna ábendinga dánarbús A þess efnis að ákvörðun skattstjóra hefði í för með sér að erfðafjárskattur væri ofgreiddur benti yfirskattanefnd dánarbúinu á heimild ríkisskattstjóra til að taka ákvörðun erfðafjárskatts til nýrrar meðferðar, en sambærilega heimild hafði yfirskattanefnd ekki

Uppgjör tekjuskattsstofns

- Tekjuskattsstofn einstaklings ákvarðast af því sem næst af brúttótekjum hans. Þar sem **DÁNARBÚ** er lögaðili getur það hins vegar dregið þau gjöld sem ganga til að afla teknanna frá tekjum
- **HVAÐA GJÖLD ERU ÞETTA?**
 1. Vaxtagjöld af lánum hins látna
 2. Rekstrarkostnaður fasteignar og bifreiðar
 3. Bókhald og reikningsskil, framtalsgerð
 4. Mat eigna. (Hóflegur) skiptakostnaður
- Ágreiningur getur auðvitað komið upp um það hvort kostnaður tilheyri dánarbúinu eða erfingjum

Ups

Eftir því sem lengri tíma tekur að skipta fjarlægist kostnaðurinn dánarbúið og nálgast erfingjana

Úrskurður nr. 50/2006

Gjaldár 2004

Muna að eignakostnaður er ekki frádráttarbær
rekstrarkostnaður

- Í úrskurði yfirskattanefndar var því hafnað að **kostnaður við útför látins manns** gæti talist til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar dánarbús hans, þ.e. kæranda í málinu
- Þá var talið að vinna lögmanns dánarbúsins við að hafa uppi á lögerfingjum hins látna, afla upplýsinga um eignir dánarbúsins og koma þeim í verð, leggja erfingjum út eða ráðstafa á annan hátt í samræmi við óskir hins látna og að fá skotvopn í eigu dánarbúsins skráð í skotvopnaskrá væri þáttur í **eignaskiptum** dánarbúsins og að kostnaður vegna slíkrar vinnu gæti því **ekki** talist frádráttarbær frá tekjum dánarbúsins

YSÚ 51/2006

- Í úrskurði yfirskattanefndar var því hafnað að kostnaður við útför látins manns gæti talist til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar dánarbús hans, þ.e. kæranda í málinu. Þá var talið að vinna lögmanns dánarbúsins við að koma eignum dánarbúsins í verð og leggja erfingjum út og vinna við höfðun og rekstur ógildingarmáls vegna glataðra heimildarbréfa í eigu dánarbúsins væri þáttur í **eignaskiptum** dánarbúsins og að kostnaður vegna slíkrar vinnu gæti ekki talist frádráttarbær frá tekjum dánarbúsins
- Á hinn bóginn var ekki talið útilokað að vinna lögmannsins við hagsmuna gæslu í þágu dánarbúsins vegna opinbers máls gæti talist falla undir umsýslu vegna dánarbúsins sjálfs og að kostnaður vegna slíkrar vinnu gæti því verið frádráttarbær. Þar sem kærandi var ekki talinn hafa gert nægilega grein fyrir hagsmunum dánarbúsins í þessu sambandi og umfangi vinnu þessu tengdu var kröfu kæranda varðandi þetta atriði vísað frá yfirskattanefnd

Meðferð skattívilnana og taps af atvinnurekstri

- Við andlát manns flytjast réttindi og skyldur hins látna yfir til dánarbús hans. Hér til teljast einnig skattalegar skyldur og réttindi, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1991
- Dánarbúið getur hins vegar ekki yfirfært réttindin og skyldurnar yfir til erfingjanna nema lög heimili það. Frestaðar og dreifðar tekjur hins látna ber því að færa til tekna hjá dánarbúinu
- Hafi hinn látni stundað einstaklingsatvinnurekstur og á ónýtt rekstrartap mega erfingjarnir ekki nota það. Skiptir í því sambandi ekki máli þótt þeir haldi atvinnurekstri hins látna áfram
- RÖK SKATTYFIRVALDA: **LAGAHEIMILD SKORTIR**

2. gr. laga nr. 20/1991 um skipti dánarbúa o. fl.

- ✓ Þegar maður er látinn tekur dánarbú hans **við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti þá eða naut**, nema annað leiði af réttarreglum, löggerningi eða eðli réttindanna
- ✓ **Dánarbú tekur við öllum fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þeim látna þegar hann lést, nema réttarreglur eða löggerningar kveði á um brottfall þeirra eða það leiði af eðli þeirra**
- ✓ Við andlát falla enn fremur á dánarbú þær fjárhagslegu skyldur sem sá látni hefur lagt á það með erfðaskrá eða öðrum dánargerningi
- ✓ Dánarbú nýtur hæfis til að eiga og öðlast réttindi og hæfi þess til að bera og baka sér skyldur helst þar til skiptum þess lýkur endanlega eftir því sem mælt er fyrir í lögum þessum

Skattlagning dánarbúa

- Dánarbú greiða 37,6% skatt. Við andlát manns hækkar því fjármagnstekjuskattur hans úr 22% í 37,6%
- Þetta gildir um allar fjármagnstekjur nema **ARÐ**, sbr. 3. mgr. 71. gr. TSL
 - **HANN SKATTLEGGST MEÐ 22% SKATTI**
- Hafi hinn látni stundað einstaklingsatvinnurekstur veldur andlátið hins vegar lækkun á skatti úr 36,94% eða 46,24% í 37,6%

Ekki gleyma heldur sölu

- ... íbúðarhúsnæðis. Áður fyrr greiddi db. fullan skatt af hagnaði þess. Frá 1. jan. 2010 hefur skattlagningin hins vegar lotið sömu reglum og þegar menn eiga í hlut
- Sjá 8. mgr. 17. gr. TSL: Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um hagnað af [...] sölu íbúðarhúsnæðis úr dánarbúi manns [...].

Nánar um frestaðar og dreifðar tekjur

- Frestaðar tekjur (hagnaður) af sölu eigna
 - Réttindi flytjast frá hinum látna til dánarbúsins. Dánarbúið getur hins vegar ekki yfirfært þær til erfingja – lagaheimild skortir
 - Breytir einhverju í þessu sambandi ef hinn látni hefur verið búinn að kaupa eign og færa niður kaupverð hennar um fjárhæð hins frestaða söluhagnaðar
- Dreifðar tekjur, sbr. 22. gr. og 27. gr. TSL. Hér gildir sama regla og þegar frestaðar tekjur eiga í hlut
 - Á andlátsári er þó unnt að skipta tekjunum á milli hins látna og dánarbúsins. Hlutföllun eftir dagafjölda

JÁ →

Úrskurður nr. 412/2006

Gjaldár 2004

Mjög þýðingarmikið mál

- Málavextir eru þeir að af hálfu kæranda, sem er dánarbú, var ekki talið fram til skatts innan tilskilins framtalsfrests árin 2002, 2003, 2004 og 2005 og sætti kærandi af þeim sökum áætlun skattstjóra á skattstofnum við almenna álagningu opinberra gjalda umrædd gjaldár, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt
- Með bréfi til skattstjóra, dags. 3. nóvember 2005, lagði umboðsmaður kæranda fram skattframtöl kæranda árin 2002, 2003, 2004 og 2005, þ.e. skattframtöl dánarbús (RSK 1.03), og fór fram á að skattframtölin yrðu lögð til grundvallar álagningu opinberra gjalda umrædd gjaldár í stað áætlunar, sbr. heimild ríkisskattstjóra samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003
- Í skattframtali kæranda árið 2004 var söluhagnaður hlutabréfa í X hf. að fjárhæð 33.730.610 kr. færður til lækkunar á kaupverði hlutabréfa í Y hf. að fjárhæð 35.840.214 kr. Að teknu tilliti til þeirrar niðurfærslu og frádráttarliða nam tekjuskattsstofn kæranda samkvæmt skattframtalinu 1.461.967 kr
- Skattstjóri taldi að lögmæt frestun á skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa og niðurfærsla á móti kaupverði keyptra hlutabréfa í skattframtali kæranda, sem var dánarbú, árið 2004 gengi til baka við skiptalok eða úthlutun eigna til erfingja þar sem **réttur dánarbús** sem lögaðila til frestunar og niðurfærslu á söluhagnaði hlutabréfa flyttist ekki til erfingja hins látna
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að við ráðstöfun kæranda á söluhagnaðinum til lækkunar á kaupverði hinna keyptu hlutabréfa væri ekki lengur um neina frestun að ræða, enda væri þá lögmælt meðferð söluhagnaðarins um garð gengin
- Að því athuguðu var ekki talið að neinn grundvöllur væri fyrir ákvörðun skattstjóra um að hafna tilfærðri niðurfærslu söluhagnaðarins í skattskilum kæranda

Hvernig getum við nýtt okkur þetta

- Frestaður hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna/aflaheimilda
- Frestaður hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis

- Hafi hinn látni stundað atvinnurekstur með tapi yfirfærirst það til dánarbúsins
- Dánarbúið getur hins vegar ekki yfirfært það til erfingja þar sem lagaheimild skortir
 - Ákvæði 54. gr. TSL takmarkast við hlutafélög o. fl. og gildir aðeins við sameiningu og skiptingu
- Fyrst ekki má yfirfæra tap er þá **ekki óeðlilegt** að færa eignir yfir á bókfærðum verðum. Ætti t.d. ekki frekar að úttektarskattleggja?
 - EF ERFINGI ER ATVINNUREKANDI GÆTI HANN ÞVÍ FYRNT UPPFÆRT VERÐ
- Hvað segja skattalögin um það? Skoðið 44. gr. TSL
- **MYNDI EINHVERJU BREYTA Í ÞESSU SAMBANDI EF DÁNARBÚIÐ ÁKVÆÐI AÐ SELJA HLUTAÐEIGANDI EIGN?**

Ákvæði skattalaga

Sjá 44. gr. TSL. **Ath. þó 3. mgr. 8. gr. VSL**

- **Verði eigendaskipti að eign við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, **skal** fyrningargrunnur slíkrar eignar **óbreyttur standa** í hendi erfingja frá því sem hann var í hendi arfleifanda**
- **Skal óbreyttur standa = samfelldnisreglan. **MENN HAFA EKKERT VAL****
- **Er þetta almenn eða sérstök regla**

Skattlagning erfingja

- Dánarbú eru í grundvallaratriðum einskattlagðir aðilar. Úthlutun til erfingja er því almennt skattfrjáls, sbr. 1. tölul. 28. gr. TSL: Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:
 1. Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, **enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur (skv. lögum hlutaðeigandi lands).** Þetta á þó ekki við um þann hluta lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Í raun er þetta skattfrelsi þó aðeins frestun á skatti. Helgast það af því að erfingjar ganga inn í stöðu hins látna hvað varðar upphafleg kaupverð eigna o. fl. samkvæmt svonefndri **samfelldnisreglu**

Samfelldnisreglan

- Með samfelldnisreglunni er átt við yfirfærslu á skattalegum réttindum og skyldum frá einum skattaðila til annars
- Þetta lýsir sér þannig að móttakandi gengur inn í stöðu afhendanda hvað varðar eiginleika eignar, upphafleg kaupverð o. fl. Allt helst því óbreytt
- Þegar um db. er að ræða er þessi samfelldni þó takmörkuð. **TAP YFIRFÆRIST T. D. EKKI**
- Athugið líka að erfingi gengur inn í eðli eignar. Einstaklingur erfir aflaheimildir → hvernig skattleggjast þær við sölu hjá honum?

Úrskurður nr. 787/1998

Gjaldár 1996

- Ágreiningur í máli þessu laut að **yfirfærslu eftirstöðva ónotaðs rekstrartaps frá dánarbúi til sameignarfélags**. Yfirskattanefnd féllst ekki á með kæranda, sameignarfélaginu, að sú atburðarás, sem fólst í skiptum á dánarbúi manns og stofnunar erfingja hans á sameignarfélagi í kjölfar skiptanna, gæti með nokkru móti talist sameining tveggja sameignarfélaga í skilningi 1. mgr. 57. gr. laga nr. 75/1981, né að umrætt ákvæði gæti átt við í tilviki kæranda fyrir lögjöfnun
- Var því hafnað kröfu kæranda um frádrátt ónotaðra rekstrartapa dánarbúsins, enda væri öðrum lagagrundvelli fyrir þeirri kröfu en að framan greinir ekki til að dreifa. Varakröfu kæranda þess efnis að fallið yrði frá álagningu á félagið og tekjum þess og umræddum rekstrartöpum skipt á eigendur félagsins til skattlagningar var sömuleiðis hafnað þar sem lagaheimild var talin skorta fyrir slíkri yfirfærslu eftirstöðva rekstrartaps dánarbúsins til eigenda kæranda
- Vegna þess sjónarmiðs kæranda að umræddar eftirstöðvar ónotaðra rekstrartapa teldust stjórnarskrárvarin eignarréttindi erfingjanna var bent á að yfirskattanefnd ætti **ekki úrskurðarvald** um það hvort lagareglur kynnu að fara í bága við einstök ákvæði stjórnarskrárinnar

Eðli eigna, yfirfærast það?

- Í lifandi lífi var Jón útgerðarmaður. Sem slíkur átti hann kvóta að verðmæti 100 millj. Þetta eru úthlutaðar aflaheimildir
- Karl er einkasonur Jóns og erfir því kvótann. Þar sem Karl stundar ekki útgerð hyggst hann selja kvótann
- Hvort þarf Karl að greiða 22% eða 36,94%, eða 46,24% skatt af kvótasölnunni?

Úrskurður nr. 180/2002

Gjaldár 1998

- Kærandi tók í arf ásamt öðrum eftir föður sinn bát og aflahlutdeild. Í málinu var deilt um hvort telja bæri söluhagnað vegna sölu bátsins og aflahlutdeildarinnar til tekna af atvinnurekstri, svo sem skattstjóri taldi, eða til fjármagnstekna einstaklings utan rekstrar, eins og kærandi hélt fram
- Í úrskurði yfirskattanefndar var bent á að erfingjarnir hefðu almennt verið í sömu stöðu í skattalegu tilliti við söluna og arfleifandi, hefði hann selt útgerðina í lifanda lífi. Auk þess hefði kærandi sjálfur stundað smábáta-útgerð
- Var fallist á með skattstjóra að virða bæri söluhagnað kæranda sem tekjur af atvinnurekstri. Þá var krafa kæranda um lækkun söluhagnaðar aflahlutdeildar, sem byggði á því að taka bæri mið af því verði aflahlutdeildarinnar sem lagt hefði verið til grundvallar við skipti á dánarbúi föður kæranda og ákvörðun erfðafjárskatts, hafnað með þeim rökum að umrætt verð teldist ekki til stofnverðs eigna í skilningi 10. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 12. gr. TSL

Úrskurður nr. 357/2003

Gjaldár 1999

- Kærandi seldi bát og veiðiheimildir. Í málinu var ágreiningur um hvort telja bæri söluhagnað vegna sölu bátsins og veiðiheimildanna til tekna af atvinnurekstri, svo sem skattstjóri taldi, eða til fjármagnstekna utan rekstrar, eins og kærandi hélt fram
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að báturinn hefði haft leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri fiskveiðilögsögu, þ.e. leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum. Yrði að byggja á því að væri fyrir að fara leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt fiskveiðilöggjöf væri þar með um atvinnurekstur að ræð
- Þá hefði útgerð bátsins verið tilkynnt til skráningar í virðisaukaskattsskrá og afli bátsins verið lagður inn hjá fiskiðjuverum, þótt í smáum stíl hefði verið. Var fallist á með skattstjóra að virða bæri söluhagnað kæranda sem tekjur af atvinnurekstri
- Þá var varakröfu kæranda, sem laut að því að hlutur hans í kaupverði annars báts yrði fyrndur sérstakri fyrningu á móti söluhagnaðinum, **hafnað þar sem lagaskilyrði voru ekki fyrir hendi til slíkrar niðurfærslu**

Erfðafjárskattur

EFNISYFIRLIT

- 1.Lög um erfðafjárskatt
- 2.Skattstofn erfðafjárskatts
- 3.Tímamark
- 4.Heildareignir og heildarskuldir
- 5.Matsverð einstakra eigna
- 6.Arfsafsal

Erfðafjárskattur - ný lög

1. HINN 1. APRÍL 2004 tóku gildi ný lög um erfðafjárskatt og eru þau nr. 14/2004. Þessi lög fólu í sér verulegar breytingar frá eldri lögum. Sem dæmi kom
 1. Einn arfsflokkur með eins hlutfalls lágum skatti í stað þriggja áður
 2. Arfur að fjárhæð 1 millj. varð skattfrjáls. Lágmarks-undanþágufjárhæð þessi gildir þó ekki við fyrirfram greiðslu arfs
 3. Þá var ákveðið að arfur af hlutabréfum skyldi reiknast af markaðsverði í stað nafnverðs áður
 4. Einnig var málsmeðferð erfðafjárskattsmála og skattamála samræmd. Eftirlit með skattskilum dánarbúa hefur þess vegna aukist

Erfðafjárskattur - tímamark

- Í áðurgildandi lögum var óljóst hvort miða bæri útreikning erfðafjárskatts við eignir manns á **andlátsdegi** eða **við skiptalok** en úrlausn þessa skipti máli varðandi ákvörðun erfðafjárskattsins
- Ef reikna átti erfðafjárskattinn í skiptalok var unnt að umbreyta hátt skattlögðum eignum eins og peningum í lágt skattlagðar eignir eins og hlutabréf á skiptatímanum
- Erfðafjárskattur af hlutabréfum miðaðist jú við nafnverð. Sýslumaðurinn í Reykjavík mun þó ávallt hafa hafnað slíkum „reikningskúnstum“
- Tímamark erfðafjárskatts sæmkvæmt nýju erfðafjárskattslögunum miðast **við andlátsdag**

Af hvaða eignum greiðir maður erfðafjárskatt

- **Af öllum fjárverðmætum er við skipti á dánarbúi manns hverfa til erfingja hans** skal greiða skatt í ríkissjóð eftir lögum þessum, sbr. þó 18. gr.
 - Tímamark erfðafjárskattsskyldunnar kemur ef til vill ekki nógu skýrt fram hér. Fjárverðmætin hverfa nefnilega ekki til erfingja fyrr en við skiptalok
- Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum **án tillits til þess hvort aðilar að ráðstöfuninni séu búsettir hér á landi eða erlendis**
- Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum af gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum, þar sem gefandi hefur áskilið sér afnot eða tekjur af hinu gefna til dauðadags eða um tiltekinn tíma, sem ekki er liðinn við fráfall hans
- **Ekki skal greiða erfðafjárskatt af lífeyrissparnaði, sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda fari um skattlagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt**
 - Sjá 1. tölul. 28. gr. TSL

Hvað merkir ...

- Arfur. Skylduarfur. Lögarfur. Að leifa arfi. Arleifa
- Erfðaskrá. Bréf arfur. Arfleiða
- Fyrirframgreiddur arfur
- Dánargjöf. Með dánargjöf er átt við gjöf sem maður á að fá að gefanda látnum
- Gjafaarfur merkir það sama og dánargjöf

Erfðafjárskattur - gjaldstofn

Hér er tímamarkið skýrar

Dánar-
dægri
líka

- Gjaldstofn erfðafjárskatts er fundinn út með því að leggja saman **heildareignir manns á dánardægri** og draga frá þeim **heildarskuldir er maður stendur þá í**, þar með talið útfararkostnað og væntanleg opinber gjöld

Muna eftir legsteininum. Þar byggjum við einfaldlega á áætlun

- BREYTINGAR Á VERÐMÆTI EIGNA OG SKULDA EFTIR ANDLÁTSDAG HAFA ÞVÍ ALMENNT ENGIN ÁHRIF Á ERFÐAFJÁRSKATTINN**
- Þessi regla gildir ekki þegar um fyrirframgreiðslu á arfi er að ræða. Þá er miðað við verðmæti eignar við staðfestingu sýslumanns á erfðafjárskýrslu

YSÚ 85/2011

- Við ákvörðun **erfðafjárskatts** var deilt um það hvort sýnt hefði verið fram á skuld dánarbús **vegna endurbóta og viðhalds á fasteign búsins**. Taldi sýslumaður að engin viðhlítandi gögn hefðu verið lögð fram um kostnað við lagfæringar á fasteigninni. Af hálfu erfingja, kæranda í málinu, var vísað til bankaláns í nafni eiginmanns kæranda sem hefði í raun verið tekið vegna umræddra framkvæmda, en eiginmaðurinn hefði verið skráður lántakandi að kröfu lánveitanda
- Yfirskattanefnd taldi að ekki væri ástæða til að vefengja þær upplýsingar um kostnað vegna framkvæmda sem fram hefðu komið í málinu. Ekki yrði séð að um það væri ágreiningur að arfláti og þar með dánarbúið hefði enga burði haft til að fjármagna umræddar framkvæmdir með eigin fé og framkvæmdirnar þannig kallað á skuldsetningu
- Miðað við þessar aðstæður yrði að telja það ótæka niðurstöðu að ekki væri með neinum hætti tekið tillit til þessa við uppgjör dánarbúsins og ákvörðun erfðafjárskatts. Samkvæmt þessu og með vísan til þess að skattstjóri hefði án nokkurra athugasemda fallist á að telja umrætt lán til skuldar í skattframtali arfláta árið 2007 var krafa kæranda tekin til greina

Væntanleg opinber gjöld

YSÚ 277/2015

- Yfirséttanefnd féllst á með sýslumanni að skuldbinding vegna fjármagnstekju skatts, sem félli til við sölu eða annars konar ráðstöfun dánarbús eða erfingja á verð bréfum í eigu hins látna, **gæti ekki talist til skulda arfleifanda í skilningi laga um erfðafjárskatt sem kæmu til frádráttar erfðafjárskatti**

Heildareignir, meginregla

Sjá nánar 4. gr. laganna

Hér koma tímamörkin skýrar fram

Innbú= Max
250.000 kr.

- Skattstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði skv. 5. gr.
- **Með heildarverðmæti skv. 1. mgr. er átt við almennt markaðsverðmæti viðkomandi eigna.** Gildir þetta um öll verðmæti sem metin verða til fjár, þ.m.t. innbú, húsbréf, fasteignaveðbréf, verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, skuldabréf, hugverkaréttindi, líftryggingar, bifreiðar, aflaheimildir o.fl.
- Séu verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal telja þau til eignar á **kaup-gengi** eins og það er skráð **við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleifanda, það er daginn áður en maður andast.** Ef hlutabréf í félagi eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal miða við gangverð þeirra í viðskiptum, annars bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta **endurskoðaða ársreikningi** eða árshlutareikningi viðkomandi félags **að viðbættum áunnum óefnislegum verðmætum sem metin eru til fjár og gefa af sér arð í framtíðinni** en óheimilt er lögum samkvæmt að færa til bókar
- Sama gildir um eignir í öðrum félögum
- Inneignir hjá bönkum, sparisjóðum eða öðrum innlánsdeildum og óskráð skuldabréf, sem og aðrar inneignir og útistandandi kröfur, **skulu taldar að meðtöldum áföllnum vöxtum og/eða verðbótum (frá áramótum til dánardægurs).**

Úrskurður nr. 27/2009

- Í máli þessu krafðist kærandi lækkunar á skattstofni til erfðafjárskatts vegna hlutabréfa sem urðu verðlaus við yfirtöku íslenska ríkisins á helstu bönkum landsins haustið 2008
- Fram kom í úrskurði yfirskattanefndar að lög um erfðafjárskatt væru afdráttarlaus um að hlutabréf, sem skráð væru á skipulegum verðbréfamarkaði, bæri að telja til eignar á kaupgengi eins og það væri skráð við síðustu **lokun markaðar fyrir andlát arfleifanda** og að ákvarða bæri skattstofn erfðafjárskatts til samræmis við það

Úrskurður nr. 27/2009

Hlutabréfaeign og bankahrúnið

- Með kæru, dags. 17. nóvember 2008, skaut kærandi til yfirséðanefndar ákvörðun sýslumanns á erfðafjárskatti vegna arfs úr dánarbúi B, sem lést ... október 2007, sbr. tilkynningu sýslumanns, **dags. 20. október 2008**, um álagningu erfðafjárskatts, og erfðafjárskýrslu (RSK 1.12), dags. sama dag
- Kærandi er einkaerfingi nefnds B. Kæruefnið var sú ákvörðun sýslumanns að miða skyldi skattstofn erfðafjárskatts kæranda vegna hlutabréfaeignar **við skráð kaupgengi hlutabréfanna á dánardegi arfleifanda hinn** ... október 2007 eða 15.374.000 kr., sbr. lið 5.6 í erfðafjárskýrslu og meðfylgjandi yfirlit yfir verðbréfaeign hins látna ... október 2007 þar sem umræddur eignaliður er tilgreindur með 15.374.416 kr.
- Í kærinni er þess krafist að skattstofn erfðafjárskatts vegna hlutabréfaeignar verði endurskoðaður og lækkaður
- Í úrskurði yfirséðanefndar kemur fram að lög um erfðafjárskatt væru afdráttarlaus um að hlutabréf, sem skráð væru á skipulegum verðbréfamarkaði, bæri að telja til eignar á kaupgengi eins og það væri skráð við síðustu lokun markaðar fyrir andlát arfleifanda og að ákvarða bæri skattstofn erfðafjárskatts til samræmis við það

YSÚ 548/2012

- Í máli þessu vegna erfðafjárskatts var deilt um það á hvaða verði telja bæri til eignar í erfðafjárskýrslu hlutafjáreign í hlutafélagi, en sýslumaður taldi að miða bæri við bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi félagsins (innra virði)
- Kærandi hélt því fram að sú aðferð leiddi til of hás verðmats á hlutabréfaeigninni og að miða bæri við verðlagningu í síðustu viðskiptum með hlutabréf í félaginu sem fóru fram um **þrettán mánuðum fyrir andlát arfleifanda**
- Yfirskattanefnd féllst á með sýslumanni að svo langur tími hefði liðið frá þeim viðskiptum til dánardags arfleifanda að umkafið gengi bréfanna í viðskiptunum væri naumast tækt til ákvörðunar erfðafjárskatts. Var tekið fram að kærandi hefði ekki gefið neinar skýringar á stórfelldum mun á gengi samkvæmt umræddu viðskiptaverði og gengi samkvæmt aðferð sýslumanns. Var kröfum kæranda hafnað

Lífeyrissparnaður, sjá YSÚ 115/2015

- Kærendur, sem voru bréferfingjar A, skutu til yfirskattanefndar ákvörðun sýslumanns um að telja séreignarsparnað A með skattstofni til erfðafjárskatts. Var sú ákvörðun byggð á því að undanþáguákvæði 4. mgr. 1. gr. laga nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, gilti ekki í tilviki annarra **erfingja en maka og barna**. Yfirskattanefnd féllst ekki á túlkun sýslumanns og var krafa kærenda tekin til greina

YSÚ 173/2016

- Í máli þessu vegna erfðafjárskatts var deilt um það á hvaða verði telja bæri til eignar í erfðafjárskýrslu samningsbundinn rétt arfleifanda til greiðslu vegna **íbúðarréttar** hjá hjúkrunarheimili. Hjúkrunarheimilið hafði átt í rekstrarerfiðleikum og samkvæmt staðfestum nauðasamningi skyldu greiðslur til íbúðarréttarhafa inntar af hendi með skuldabréfi til 30 ára
- Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að líta bæri svo á að réttur arfleifanda til endurgreiðslu vegna keypts íbúðarréttar hefði falið í sér inneign eða kröfu arfleifanda **í skilningi laga um erfðafjárskatt** og samkvæmt sérreglu sömu laga skyldu slíkar eignir taldar með áföllnum vöxtum og/eða verðbótum
- Fyrir lá að hjúkrunarheimilið stóð skil á endurgreiðslu til dánarbúsins með útgáfu skuldabréfa að nafnverði 20.109.190 kr. Taldi yfirskattanefnd að ganga yrði út frá því að virði íbúðarréttarins á dánardegi arfleifanda, útreiknað eftir forsendum í búsetusamningi aðila, hefði numið þeirri fjárhæð
- Var kröfu kæranda, sem laut að því að miða eignfærslu í erfðafjárskýrslu við 10% af nafnverði skuldabréfsins, hafnað

Heildareignir, verðmæti einstakra eigna markaðsverð, ekki markaðsverð

- Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., sbr. hér að framan skal skattstofn eigna samkvæmt þessari málsgrein vera eftirfarandi:
 - a) Þegar verðmæti **annað en fasteign** hefur verið selt nauðungarsölu **skal miða við uppboðsandvirði þess** → sanngirniregla
 - b) **Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði eins og það er skráð hjá Fasteignaskrá Íslands á dánardegi arfleifanda.** Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjár-skatt með sama hætti
Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarrétt tiltekins aðila og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverð sé það lægra en fasteignamatsverðið
- **Sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl.** Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi matsgjörð, ekki eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessum
 - Verkamannaíbúðir, félagslegar íbúðir. Erfingjar voru skyldir að selja þessar eignir stjórn verkamannabústaða fyrir ákveðið verð sem oft nam aðeins hluta af markaðsverði
 - Kaupréttaríbúðir. Afnotahafi á ekki þessar eignir. Hins vegar getur hann krafist þess að fá að búa þar svo lengi sem hann vill. Réttur hans er því í eðli sínu kröfuréttur

Mat á einstökum eignum, nánar

1. Fasteignir teljast eignar á gildandi fasteignamatsverð á andlátsdegi nema **unnt sé að sýna fram á að það sé lægra**
2. Meta ber bifreiðar, skip og flugvélar svo og innbú á markaðsverði. Matsverð innbús er þó almennt lágt
3. Innlendir peningar teljast til eignar á nafnverði. Verðmæti erlendra peninga miðast hins vegar við kaupgengi á dánardægri. Gengishækkun frá andlátsdegi til skipaloka skiptir ekki máli
4. Innstæður í bönkum. Miða skal við stöðu inneignar um áramót **að viðbættum áföllnum vöxtum til dánardægurs**
5. Kröfur í erlendum verðmæli eignfærast á kaupgengi en skuldir á sölugengi hvoru tveggja á andlátsdegi
6. Verðmæt hugverkaréttindi teljast til eignar á matsverði. Með höfundarétti í þessu sambandi er átt við útgáfurétt að bók, lagi og eða tónverki. Sýningarrétt að mynd

Yfirsattanefndar úrskurður nr. 113/2017

Erfingjar nóbelsskáldsins gefast upp gagnvart síðustu aðförinni

Erfingjar Halldórs Laxness hafa undanfarin fjögur ár staðið í stappi við sýslumann vegna skipta á dánarbúi föður síns. Dóttir nóbelsskáldsins talar um fordæmalausar ofsóknir í því samhengi og hreina og klára valdniðslu af hálfu sýslumanns. Málinu lauk með úrskurði yfirsattanefndar, sem verður ekki áfrýjað úr þessu.

SAMFÉLAG Leikstjórinn Guðný Halldórsdóttir Laxness segir að ofsóknir íslenskra skattayfirvalda gegn föður hennar nái út yfir gróf og dauða. Erfingjar nóbelsskáldsins hafa deilt við skattayfirvöld síðastliðin fjögur ár vegna skipta á dánarbúi hans.

Í október 2012 lést Auður Laxness en hún hafði setið í óskiptu búi eftir eiginmann sinn frá því að hann lést í febrúar 1998. Í kjölfar andláts hennar óskuðu erfingjar eftir því að ljúka einkaskiptum á búi hjónanna en sýslumannsembætti hafnaði því þar sem það taldi verðmæti höfundaréttar vanmetinn í erfðafjárskýrslu erfingja. Í skýrslunni var höfundarétturinn metinn á 500 þúsund krónur.

Samtímis synjuninni lagði sýslumaður það til að skipaður yrði matsmaður til að meta verðmæti höfundaréttarins. Reiknaði sá út vegið meðaltal teknanna árin 2010-13 og komst að þeirri niðurstöðu að verðmætið væri 28 milljónir króna.

Þetta sættu erfingjarnir sig ekki við og kærðu niðurstöðuna til yfirsattanefndar. Í greinargerð þeirra kom fram að höfundarétturinn væri óseljanlegur sæmdarréttur og því myndaði hann ekki skattstofn. Þeir „hafi metið höfundaréttinn á 500.000 kr. í einkaskiptabéidni og hafi það verið meira gert af kurteisli við íslenska ríkið og íslenska þjóð en nokkru öðru þótt skoðun kærenda sé að verðmæti höfundaréttarins sem skattstofn sé í raun 0 kr. Er í því sambandi vísað til árangurslausra sölutilrauna á útgáfuréttindum vegna verka [Halldórs]“.



Auður Laxness sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn. Höfundaréttur verka Halldórs var metinn á 28 milljónir króna af matsmanni. FRÉTTABLAÐID/GVA

Skemmst er frá því að segja að yfirsattanefnd féll ekki á þessi rök. Þá benti nefndin á að hefðu erfingjarnir verið ósattir við matið hefði þeim verið í löfa lagið að krefjast yfirmats. Kröfum þeirra var hafnað.

„Skatturinn virðist halda að við séum með nóbelspeninginn undir koddanum en íslenska ríkið fékk hann að gjóf. Það hefur enginn íslenskur listamaður lent í slíkum ofsóknum af skattsins hálfu sem

hann faðir minn. Yfir gróf og yfir dauða,“ segir Guðný Halldórsdóttir. Hún segir að sýslumaðurinn hafi troðið upp á þau matsmanni sem hefði ekkert vit á bókmenntum og listum.

„Mér sýnist sýslumaður ekki hafa farið að lögum og ráðið hæfan matsmann, heldur ungan ofurlaunaðan hagfræðing úti í bæ, sem veit ekkert um höfundarétt. Þetta er hrein og klár valdniðsla.“

Það hefur enginn íslenskur listamaður lent í slíkum ofsóknum af skattsins hálfu sem hann faðir minn.

Guðný Halldórsdóttir Laxness



Guðný segir að nefndin hafi ekki tekið efnislega afstöðu til matsins heldur aðeins bent á að erfingjarnir hefðu getað krafist yfirmats. Hún bætir því við að slíkt hefði kostað alla vega þrenn árslaun rithöfundar og „sennilegast orðið ágiskun líka“.

Að sögn Guðnýjar eru engin fordæmi fyrir gjörningi sem þessum. „Ég hef verið í sambandi við niðja annarra rithöfunda og enginn hefur þurft að borga skatt af ímynduðum framtíðartekjum nokkurs listamanns.“

Líkt og áður segir verður skattstofn höfundaréttarins 28 milljónir króna. Frá því dregst kostnaður við matsgerðina, en gerð hennar tók um tvær vikur, en hann var tæpar 1,4 milljónir króna. Úrskurður nefndarinnar verður ekki kærður áfram.

„Við gefumst bara upp gagnvart þessari, vonandi, síðustu aðför sýslumanns gegn Halldóri Kiljan Laxness,“ segir Guðný. johannoli@frettabladid.is

HÖNDUM
ÍSLANDI

VOIVO
PENTA

Verktaki þarf að borga aðflutningsgjöld aftur sem hann var búinn að greiða

SKATTAMÁL Verktakafyrirtæki þarf

Mat á einstökum eignum, nánar

7. Skráð hlutabréf → síðasta kaupgengi
8. Óskráð hlutabréf → almennt gangverð, bókfært eigið fé, sjá skattalög
9. Húsbréf, hvers konar ríkisbréf, bankabréf o. fl. - síðasta kaupgengi, **að viðbættum áföllnum vöxtum til dánardægurs**
10. Almennar Kröfur → nafnverð að viðbættum áföllnum verðbótum og vöxtum
11. Önnur skuldabréf → nafnverð að viðbættum áföllnum vöxtum frá síðasta gjalddaga til andlátsdags
12. Aflaheimildir → markaðsverð

Mat á einstökum eignum, nánar

- Mat á eignum virðist einföld. Einstök tilvik geta þó flækt málið. Ímyndum okkur að hinn látni hafi verið búinn að skuldbinda sig til að selja hlutabréf sem hann á fyrir 300.000 kr. Þegar hann andast er markaðsverðmætið 1 millj. Erfingjarnir eru skuldbundnir að efna þennan samning og gera þeir það. Sp. er því hvort þeir þurfa að greiða erfðafjárskatt af 300.000 + 700.000 kr. eða 300.000 kr.
- Kannski er hægt að nota 2. mgr. 4. gr. ERF → löggjöfnun

Frávik frá markaðsverði

2. mgr. 4. gr.

- Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal skattstofn eigna samkvæmt þessari málsgrein vera eftirfarandi:
 - a) Þegar verðmæti annað en fasteign hefur verið selt nauðungarsölu skal miða við uppboðsandvirði þess.
 - b) Fasteignir skulu taldar á fasteignamatsverði eins og það er skráð hjá Fasteignaskrá Íslands á dánardegi arfleifanda. Af leigulóðarréttindum skal einnig greiða erfðafjárskatt með sama hætti. Nú er eignarréttur að fasteign háður kvöð um innlausnarrétt tiltekins aðila og skal þá leggja erfðafjárskatt á innlausnarverð sé það lægra en fasteignamatsverðið
Sé almennt markaðsverðmæti fasteignar talið lægra en fasteignamatsverð eignarinnar er erfingjum heimilt að óska eftir mati skv. 17.–23. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl. Er þá heimilt að leggja erfðafjárskatt á matsverð þannig fengið, enda fylgi matsgjörð, ekki eldri en fjögurra vikna gömul, erfðafjárskýrslu. Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga nr. 20/1991 um mat samkvæmt þessum staflíð
 - c) Búpeningur skal talinn á því verði sem lagt er til grundvallar síðustu álagningu opinberra gjalda fyrir dánardag arfleifanda

Heildarskuldir

- Skuldir arfleifanda, [p.m.t. væntanleg opinber gjöld](#), skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður,
 1. Hér til teljast allar skuldir er hinn látni stóð í er hann féll frá eftir atvikum uppreiknaðar með verðbótum og vöxtum **til andlátsdags**
 2. Ógreidd rekstrargjöld íbúðar svo sem hiti og rafmagn, vátryggingar og fasteignagjöld. Kostnaður vegna sameignar í fjölbýlishúsum
 3. Ógreidd rekstrargjöld bifreiðar
 4. Síðasti VISA/Mastercard reikningurinn
 5. Aðrar skuldir – ath. sönnunarfærsluna
- - svo og útfararkostnaður arfleifanda það er
 - Þjónusta greftrunarþjónustu. Hér til telst kostnaður vegna kystu og blóma, söngs og kaffiveitinga svo andlátsauglýsinga í útvarp og blöð, legsteinn o. fl.
- Kostnaður sem fellur á búið vegna ráðstafana skv. 17.–21. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., skal einnig koma til frádráttar hvort heldur bú sætir opinberum skiptum eða einkaskiptum. Þessir liðir skulu sundurliðaðir á erfðafjárskýrslu og studdir gögnum
 - Hér er einkum um að ræða kostnað vegna mats og virðingar á eignum hins látna
- Erfðafjárskattur er ekki frádráttarbær skuld skv. ofansögðu

Þetta er eini kostnaðurinn sem frádráttur er heimill á

Ódýrari útfarir - leiðir til að lækka kostnað

Dýrt að deyja

Auður Alfífa Ketilsdóttir fifa@dv.is

09:07 · 2. mars 2014



Arnór Pálsson framkvæmdastjóri Útfararþjónustu kirkjugarðanna segir nokkur ráð til að ná niður kostnaði við útfarir en samkvæmt útreikningum á heimasíðu Útfararþjónustunnar kostar hefðbundin útför um það bil hálf milljón. Þannig sé algengt að hinn látni sé klæddur í sín eigin föt og jafnvel jarðaður með sína eigin sæng og kotta. Samtals lækkar það kostnaðinn um rúmlega 30.000. Þá kostar 6 manna kór 85.288 samkvæmt upplýsingum Útfararþjónustu kirkjugarðanna en einsöngur aðeins um 25.000. Þar má því spara 60.000. Fari útförin fram í kyrrþey lækkar kostnaður við útfararþjónustuna um 30.000 krónur auk þess sem ekki þarf að greiða fyrir sálmaskrá 41.495 krónur eða erfidrykkju.

Þess ber að geta að aðstandendur hafa val um tónlistarflutning.



Mynd: DV ehf / Sigtryggur Ari

Erfidrykkjan dýr

Kostnaður við erfidrykkju fyrir 150 manns getur hlaupið á bilinu 225.000 til 400.000 eftir því hvar hún er haldin og hvað boðið er upp á þar. Algengt verð er þó um 300.000.

Kostnaður við útför



Kista 149.393 kr.
Sæng, koddur, blæja
21.166 kr.
Líkklaði 9.605 kr.

Útfararþjónusta 119.629 kr.
Fossvogskirkja 6.600 kr.
Organisti við útför 19.728 kr.
Kór 6 manna 85.288 kr.
Sálmaskrá 150 stk. 41.495 kr.
Kross á leiði 12.677 kr.
Skilti á kross 8.803 kr.
Kistuskreyting 34.000 kr.
Umsjónargjald 10.501 kr.
Stefgjald 5.250 kr.
Blóm á altari 8.000 kr.
Samtals: 532.135 kr.

Lægri útfararkostnaður

Margnota kista
70.000 kr.
Sæng, koddur, blæja
frá hinum látna 0
kr.



Líkklaði - fót hins látna 0 kr.
Útfararþjónusta 119.629 kr.
Fossvogskirkja 6.600 kr.
Organisti við útför 19.728 kr.
Einsöngur 25.000 kr.
Sálmaskrá 150 stk. 41.495 kr.
Kross á leiði 12.677 kr.
Skilti á kross 8.803 kr.
Kistuskreyting - fáni 0 kr.
Umsjónargjald 10.501 kr.
Stefgjald 5.250 kr.
Blóm á altari 8.000 kr.
Samtals: 327.683 kr.

Innlent | Morgunblaðið | 16.2.2019 | 5:30 | Uppfært 6:20

Venjuleg jarðarför kostar yfir milljón



Eitt sinn skal hver deyja. [mbl.is/Kristinn Ingvarsson](https://mbl.is/KristinnIngvarsson)



Morgunblaðið

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

Setja bókamerki

Áætla má að kostnaður við útfarir sé nokkuð á þriðja milljarð króna á ári. Þórólfur Sveinsson, búfræðikandidat á Ferjubakka í Borgarfirði, segir að ef kostnaður við „venjulega“ útför sé orðinn yfir milljón skipti hann verulegu máli fyrir talsverðan hóp fólks.

Þórólfur hefur kynnt sér útfararsíði og sagði frá í erindi sem hann flutti í Snorrastofu í Reykholti fyrr í vikunni. Þar lagði hann áherslu á húskveðjuna sem var almennur hluti af útförum fram yfir miðja síðustu öld. Þórólfur telur að húskveðjan hafi orðið almenn vegna þess að vantað hafi vettvangur fyrir persónulega kveðju. Hann fjallaði einnig um kostnað við jarðarförir.

Samkvæmt tölum frá árinu 2017 voru um 12% útfara gerð í kyrrþey. Kostnaður við slíka athöfn er um 400 þúsund. Þórólfur gefur sér að kostnaður við það sem hann kallar „venjulega“ útför sé um 1.100 þúsund en tekur fram að fólk standi að þessu með ýmsum hætti og kostnaðurinn fari eftir því. Miðað við þetta og að um 2.300 útfarir séu á Íslandi á ári er veltan ríflega 2,3 milljarðar króna.

Í umfjöllun um mál þetta í Morgunblaðinu í dag segir Þórólfur ljóst að margir hafi vinnu og framfæri af þessari starfsemi og hagsmuni af því að hvergi sé dregið úr kostnaði. Nefna má útfararþjónustur, legsteinaverkstæði, veitingastaði og blómabúðir. Einnig segir hann að tónlistarfólk og söngfólk hafi tekjur af tónlistarflutningi við útfarir.

Mat á einstökum skuldum, nánar

- Ekki er heimilt að draga frá eignum skuldir sem dánarbú stofnar til. Sama gildir um skuldir erfingja
 - skuldir á mörkum lífs og dauða geta auðvitað skapað vandamál
- Sérstök tilvik. **Fólk sem búið hefur saman í óvígðri sambúð í mjög langan tíma (40 til 50 ár) býr í raun við helmingaskipti. Við andlát þess skammlífara er því litið svo á að það skuldi hinu langlífara helming eigna sinna**

Skatthlufall erfðafjárskatts

- Maki er almennt undanþeginn erfðafjárskatti
- Aðrir erfingjar eru hins vegar skyldir að greiða 10% erfðafjárskatt af mismun eigna og skulda
- Arfur að fjárhæð 1,5 millj. er þó skattfrjáls.
Þessi fjárhæð skiptist á milli erfingja í hlutfalli við arfshlutdeild þeirra
 - Ath. framreikning lágmarksfjárhæðarinnar
- Ekki er veitt nein undanþága frá erfðafjárskatti þegar um fyrirframgreiddan arf er að ræða. Öll fyrirframgreiðslan kemur því til skatts eins og áður segir

2. gr. laga nr. 14/2004, sbr. lög nr. 164/2010

- Erfðafjárskattur er 10%. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal engan erfðafjárskatt greiða af fyrstu 1.500.000 kr. í skattstofni dánarbús, sbr. 4. og 5. gr., og skulu erfingjar njóta skattfrelsis **í hlutfalli við arf sinn**
- **Ákvæði þetta gildir ekki um fyrirframgreiðslu arfs**
- Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. **greiða engan erfðafjárskatt** maki, einstaklingur í staðfestri samvist með arfleifanda og (1) **sambúðarmaki sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við arfleifanda** (2) **og tekur arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá þar sem stöðu hans sem sambúðarmaka arfleifanda er ótvírætt getið**
 - **Ath.** fólk í sambúð nýtur ekki gagnkvæms erfðaréttar skv. lögum. Óski annar maki að arfleifa hinn og öfugt er því nauðsynlegt að gera erfðaskrá þar sem þessa er getið

Afsal arfs

- Algengt er að erfingi afsali sér arfi til hagsbóta fyrir t.d. barn sitt. Þegar svo stendur á þarf að svara því hvort báðir eða annar og þá hvor aðilinn sé erfðafjárskyldur
- Þessu svarar 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/2004 svo
 - Nú hafnar maður, sem undanþeginn er erfðafjárskatti (t.d. maki), eða afsalar sér arfi eftir annan mann og skal þá erfingi, sem við arfsafsalið fær stærri arfshluta en hann ella hefði fengið, greiða erfðafjárskatt af hinum aukna arfi
 - Hafni maður eða afsali sér arfi beint eða óbeint til hagsbóta fyrir aðila sem undanþeginn er erfðafjárskatti skal sá erfingi sem þannig fær við arfsafsalið stærri arfshluta en hann ella hefði fengið greiða erfðafjárskatt af þeim arfshluta → skattasniðgöngusjónarmið

Hvað má vera lengi að skipta

Sjá 31. gr. laga nr. 20/1991 um skipti dánarbúa o. fl.

Þegar sýslumaður telur skilyrðum til einkaskipta fullnægt veitir hann erfingjum leyfi til þeirra með áritun sinni á beiðni þeirra (**einkaskiptaleyfi**) eða með annarri skriflegri yfirlýsingu sem nægir erfingjum til að sýna fram á forræði sitt á dánarbúinu í lögskiptum við aðra

Við veitingu leyfis til einkaskipta skal sýslumaður ákvarða erfingjum frest til að ljúka skiptum **sem skal að jafnaði ekki vera lengri en nemur einu ári frá andláti**. Að auki er sýslumanni heimilt að skilyrða leyfi til einkaskipta með eftirfarandi hætti, ef hann telur efni til:

1. að erfingjar leggi fram innan tiltekins frests nánari upplýsingar um eignir búsins eða verðgildi þeirra eða afli mats á þeim skv. 17.–23. gr. ef það verður talið nauðsynlegt til álagningar erfðafjárskatts,
2. að lögráðamaður eða málsvari erfingja geri reglubundið grein fyrir framvindu skiptanna meðan á þeim stendur,
3. að erfingjar efni tilteknar gjaldfallnar skuldbindingar búsins eða þær allar eða setji tryggingu fyrir þeim innan ákveðins frests

Sýslumanni er heimilt **að lengja** frest til að ljúka einkaskiptum eftir skriflegri og rökstuddri beiðni erfingja ef hann telur **óviðráðanleg atvik**, sem erfingjum verður ekki gefin sök á, standa í vegi fyrir að skiptum verði lokið án frekari tafa.

**ATH. ÓVIÐRÁÐANLEG ATVIK? Í DAG ER MJÖG ERFITT AÐ SELJA FASTEIGNIR
→ TELST ÞAÐ ÓVIÐRÁÐANLEG ATVIK**

Eyðublöð

- Erfðafjárskýrsla, sjá
http://www.rsk.is/skjal/rsk_0112.is.pdf

EKKI MERA UM ÞETTA

TAKK